

Bolli Þór Bollason
ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins

- 8.1. Bréf frá rannsóknarnefnd Alþingis – sent 9. febrúar 2010
- 8.2. Bréf vegna framlengingar á fresti til andmæla – sent 17. febrúar 2010
- 8.3. Svarbréf frá Bolla Þór Bollasyni til rannsóknarnefndar Alþingis –
móttekið 24. febrúar 2010

Rannsóknarnefnd Alþingis

Reykjavík, 9. febrúar 2010.

Hr. Bolli Þór Bollason

Bolli Þór Bollason
9/2/2010

I.

Með lögum nr. 142/2008, um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða, var komið á fót sérstakri rannsóknarnefnd til þess að leita sannleikans um aðdraganda og orsök falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða. Nefndinni var einnig falið að leggja mat á hvort um mistök eða vanrækslu hefði verið að ræða við framkvæmd laga og reglna um fjármálastarfsemi á Íslandi og eftirlit með henni, og loks hverjir kynnu að bera ábyrgð á því, sbr. 1. mgr. 1. gr. fyrrnefndra laga.

Samkvæmt 13. gr. sömu laga skal nefndin gera þeim, sem ætla má að orðið hafi á mistök eða orðið hafi uppvísir að vanrækslu í starfi, skriflega grein fyrir afstöðu sinni og eftir atvikum lagatúlkun á þeim atriðum sem varða þátt þeirra í málinu og nefndin íhugar að fjalla um í skýrslu sinni til Alþingis.

Af ofangreindu tilefni og með vísan til 1. mgr. 1. gr. og 13. gr. laga nr. 142/2008 er yður hér með veittur kostur á að koma að viðhorfum yðar til þeirra atriða sem tilgreind eru í III. kafla bréfsins.

II.

Eins og áður segir skal rannsóknarnefnd Alþingis leggja mat á hvort um mistök eða vanrækslu hafi verið að ræða við framkvæmd laga og reglna um fjármálastarfsemi á Íslandi og eftirlit með henni, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008. Í athugasemdum með 1. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 142/2008 er tekið fram að hér sé athyglinni fyrst og fremst beint að stofnunum ríkisins og ráðuneytum sem starfa á þessum sviðum.¹ Þá er tekið fram að með mistökum og vanrækslu sé ekki aðeins vísað til þess þegar tiltekna athafnir fullnægi ekki lagakröfum eða þegar vanrækt sé að fylgja lagaboði. Fleira geti fallið þar undir svo sem að fyrirliggjandi upplýsingar hafi ekki verið metnar með réttum hætti og ákvarðanir teknar á ófullnægjandi forsendum. Þá geti það talist vanræksla að láta hjá líða að bregðast við upplýsingum um yfirvofandi hættu á viðeigandi hátt.²

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 142/2008 skal rannsóknarnefnd Alþingis einnig leggja mat á hverjir beri að hennar mati ábyrgð á mögulegum mistökum og hverjir kunni að hafa sýnt af sér vanrækslu í starfi við framkvæmd laga og reglna um fjármálamarkaðinn og eftirlit með honum og þá innan þess ramma sem starfi rannsóknarnefndarinnar er markaður

¹ Alþt. 2008-2009, A-deild, bls. 1076.

² Alþt. 2008-2009, A-deild, bls. 1076.

í lögum. Í athugasemdum með 1. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 142/2008 er tekið fram að með þessu færast sjónarhorn rannsóknarinnar að einstaklingum og þætti þeirra í töku einstakra ákvarðana. Spurt sé hver tók tilteknar ákvarðanir eða hver átti að bregðast við upplýsingum sem lágu fyrir. Þessum spurningum þurfi bæði að svara út frá því hvað gerðist í raun svo og út frá reglum um valdbærni.¹ Eins og áður sagði skal rannsóknarnefndin samkvæmt 13. gr. laga nr. 142/2008 gefa þeim einstaklingum sem ætla má að orðið hafi á mistök eða hafi orðið uppvísir að vanrækslu í starfi, í framangreindum skilningi, skriflega grein fyrir afstöðu sinni og skal nefndin veita viðkomandi hæfilegan frest til að gera skriflega athugasemd við þessi atriði. Þetta ákvæði á einvörðungu við um þá einstaklinga sem nefndin telur að kunni að bera ábyrgð á svo alvarlegum athöfnum eða athafnaleysi að hún telur rétt að heimfæra það undir „mistök eða vanrækslu“ í skilningi 1. gr. laganna eins og skýra ber hana með hliðsjón af framangreindum lögskýringarsjónarmiðum. Í skýrslu nefndarinnar kann því að verða fjallað um fleiri atriði vegna starfa yðar sem ráðuneytisstjóra sem nefndin telur aðfinnsluverð þótt nefndin telji þau ekki falla undir hugtökin „mistök eða vanrækslu“ í framangreindri merkingu laganna. Nefndin vísar jafnframt til þess að við skýrslutöku fyrir nefndinni var rætt við yður um mörg af þessum atriðum. Nefndin tekur fram að við mat á því hvaða atriði í störfum yðar, athafnir eða athafnaleysi, kunni að falla undir „mistök eða vanrækslu“ í framangreindum skilningi, og yður er hér gefinn kostur á að senda nefndinni athugasemdir um, hefur nefndin sérstaklega horft til hvað telja megi að hafi öðru fremur haft þýðingu í aðdraganda og um orsakir að falli bankanna og afleiðingar.

Þau atriði sem yður er hér með veitt tækifæri til að koma að skriflegum athugasemdum um í samræmi við 13. gr. laga nr. 142/2008 lúta að störfum yðar sem ráðuneytisstjóra í forsætisráðuneytinu og setu yðar sem slíkur í samráðshópi forsætis-, fjármála- og viðskiptaráðuneyta, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands um fjármálastöðugleika og viðbúnað. Starfi hópsins var stýrt af yður. Til þessa samráðshóps var stofnað með samkomulagi þessara aðila 21. febrúar 2006. Þar var kveðið á um að á fundum hópsins yrði m.a. fjallað um stöðu og horfur á fjármálamörkuðum, meiriháttar breytingar á lögum, reglum og starfsháttum er varða fjármálamarkaðinn og álitamál í alþjóðlegu samstarfi, sérstaklega innan EES. Undir liðnum viðbúnaður og verklag í samkomulaginu sagði: „Samráðshópurinn er vettvangur upplýsinga- og skoðanaskipta. Hann er ráðgefandi og tekur ekki ákvarðanir um aðgerðir.“ Í upphafi samkomulagsins sagði: „Samkomulagið takmarkar ekki svigrúm hvers um sig til sjálfstæðra ákvarðana um aðgerðir út frá hlutverki og ábyrgð sinni.“

Í 10. gr. laga nr. 73/1969 um Stjórnarráð Íslands er tekið fram að ráðuneytisstjórar stýri ráðuneytum undir yfirstjórn ráðuneytisins. Samkvæmt 2. gr. reglugerðar um Stjórnarráð Íslands, bæði í áðurgildandi reglugerð nr. 3/2004 og núgildandi nr. 177/2007, fór forsætisráðuneytið á þeim tíma sem hér skiptir máli með málefni sem vörðuðu hagstjórn almennt auk málefna sem vörðuðu Seðlabanka Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Forsætisráðherra fer í samræmi við 17. gr. Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 með

¹ Alþt. 2008-2009, A-deild, bls. 1076.

stjórn ríkisstjórnarfundar og þar með ákveðið fyrirvar um starf ríkisstjórnar hverju sinni. Þá stjórnar forsætisráðherra ráðherrafundum, sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands, en samkvæmt 1. mgr. sömu lagagreinir skal halda ráðherrafundi um nýmæli í lögum og um mikilvæg stjórnarmálefni, svo og ef einhver ráðherra óskar að bera þar upp mál. Í samræmi við þetta verkstjórnarvald forsætisráðherra kemur það í hlut forsætisráðuneytisins að koma að verkum og hafa með höndum samræmingu í störfum ríkisstjórnar og ráðuneyta innan þess ramma sem sjálfstæði hvers ráðherra er sett.

III.

1.

Samráðshópi forsætis-, fjármála- og viðskiptaráðuneyta, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands um fjármálastöðugleika og viðbúnað var komið á fót með samkomulagi sömu aðila 21. febrúar 2006. Í samkomulaginu var kveðið á um að fulltrúi forsætisráðuneytisins stýrði hópnum. Af hálfu ráðuneytanna áttu sæti í hópnum frá upphafi ráðuneytisstjórnar þeirra. Athygli vekur að í samkomulaginu er ekki sérstaklega tekið fram að það sé hlutverk samráðshópsins að semja tillögu að sameiginlegri viðbúnaðaráætlun stjórnvalda. Skilningur margra þeirra sem skýrslu gáfu fyrir rannsóknarnefnd Alþingis virðist hafa verið sá að hlutverk samráðshópsins hafi verið, sem ráðgefandi aðila, að gera tillögu að sameiginlegri viðbúnaðaráætlun stjórnvalda, væntanlega til að tryggja tímabær, samhæfð og undirbúin viðbrögð við fjármálaáfalli og koma í veg fyrir misskilning um verkaskiptingu stjórnvalda.

Þegar farið er yfir drög að fundargerðum samráðshópsins og skýrslur meðlima hópsins fyrir rannsóknarnefnd Alþingis verður ekki séð að áhersla hafi verið lögð á gerð viðbúnaðaráætlunar af hálfu hópsins fyrr en á 8. fundi hans 18. mars 2008. Eftir það urðu fundir hópsins mun tíðari. Dagana 18. mars til 21. apríl 2008 hélt hópurinn sjö fundi. Á þeim var m.a. fjallað um gerð viðbúnaðaráætlunar. Með hliðsjón af því sem fram kemur í drögum að fundargerðum samráðshóps stjórnvalda á þessu tímabili virðist sem dregið hafi úr þeirri áherslu sem ríkti frá 18. mars 2008 varðandi gerð viðbúnaðaráætlunar. Á næstu fjórum fundum, dagana 28. apríl til 29. maí, er ýmist lítið eða ekkert fjallað um gerð hennar.

Í skýrslu Tryggva Pálssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis kom fram að bæði Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið hefðu reynt að kalla eftir því að mótuð yrði stefna um ákveðin atriði. Þar á meðal gat hann um minnisblað sem hann lagði fram 7. júlí 2008 um aðkallandi ákvarðanatöku stjórnvalda vegna hættu á fjármálaáfalli en sagði það hafa hlotið litla umræðu.

Í skýrslu yðar kom fram að þér og Baldur Guðlaugsson hefðu ekki viljað stilla ríkisstjórninni upp við vegg því þér hefðuð talið að ekki þyrfti að taka ákvarðanir fyrr en síðar. Viðhorfsmunur innan hópsins hefði falist í því hvað þyrfti að „konkrétisera“ þetta mikið á pappír. Þér hefðuð hins vegar talið þurfa að vinna mun hraðar að samningu lagafrumvarps sem hægt yrði að grípa til ef áföll yrðu í rekstri bankanna.²

² Skýrsla Bolla Þórs Bollasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 5. mars 2009, bls. 22.

Allir þeir sem sæti áttu í samráðshópnum voru störfum hlaðnir. Það var því ekki við því að búast að þeir hefðu mikinn tíma aflögu til þess að semja viðbúnaðaráætlun. Samráðshópurinn varð því að treysta á Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitið um slíka aðstoð. Til þess að vinna þá vinnu töldu bæði Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlitið nauðsynlegt að fá pólitíska stefnumótun um ákveðin atriði. Af hálfu Seðlabankans var jafnframt lagt til að fenginn yrði einstaklingur eða einstaklingar til að stýra undirbúningi að viðbúnaðarstarfi stjórnvalda. Miðlun upplýsinga frá samráðshópnum til ráðherra virðist ekki hafa verið í föstum skorðum. Hlutaðeigandi ráðherrar héldu ekki reglulega fundi til þess að fara yfir verkefni og afrakstur af vinnu samráðshópsins og sinna yfirstjórn á verkefninu að því leyti sem það heyrði undir þá, en hér var um afar mikilvægt verkefni að ræða fyrir íslensku þjóðina. Tillögur og skjöl um nauðsyn viðbúnaðar sem lögð voru fram í samráðshópnum af hálfu einstakra stofnana fengu ekki formlega afgreiðslu hjá þeim ráðherrum sem áttu fulltrúa í hópnum.

Þér áttuð sæti í umræddum samráðshópi stjórnvalda fyrir hönd forsætisráðuneytisins og stýrðuð starfi hans sem slíkur. Hópnum var eins og áður sagði ætlað að vera vettvangur upplýsinga- og skoðanaskipta en ekki sem slíkum ætlað að taka ákvarðanir. Ljóst er af gögnum og skýrslum hjá rannsóknarnefnd að allt frá því í nóvember 2007 og fram að falli bankanna í október 2008 komu ítrekað fram á fundum hópsins upplýsingar um slæma stöðu og horfur um rekstur íslensku bankanna og sparisjóða með tilheyrandi áhrifum á fjármálastöðugleika hér á landi og efnahagshorfur. Á fundum samráðshópsins var eins og áður greinir rætt um og lagðar fram tillögur frá fulltrúum einstakra stofnana sem áttu aðild að hópnum um nauðsyn þess að gerð yrði viðbúnaðar- og aðgerðaráætlun af hálfu stjórnvalda. Í tengslum við þetta voru lögð fram á fundum hópsins gögn og samantektir, sérstaklega af hálfu Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins, til undirbúnings því að ráðist yrði í gerð slíkrar áætlunar. Af hálfu fulltrúa þessara stofnana var kallað eftir pólitískri stefnumörkun um ákveðin atriði. Af því tilefni hefur rannsóknarnefnd tekið það til athugunar hvernig staðið var að því í tilviki yðar sem fulltrúa forsætisráðuneytisins að fá fram afstöðu forsætisráðherra til umræddra atriða um gerð viðbúnaðar- og aðgerðaáætlunar stjórnvalda og eftir atvikum upplýsa og svara til um afstöðu forsætisráðherra á fundum samráðshópsins.

Í skýrslu yðar fyrir rannsóknarnefndinni kom fram að þér hefðuð kynnt forsætisráðherra þau meginatriði sem voru til umfjöllunar í samráðshópnum á hverjum tíma.³ Í skýrslu Geirs H. Haarde kom fram að þegar þér hefðuð séð ástæðu til hefðuð þér gert honum grein fyrir störfum samráðshópsins. Regluleg upplýsingagjöf eftir hvern fund hefði hins vegar ekki farið fram. Geir var sérstaklega spurður að því fyrir nefndinni hvort tiltekin gögn sem lögð voru fram á fundum samráðshópsins hefðu verið kynnt honum og þá jafnframt hvort hann hefði séð þessi gögn áður. Þarna var um að ræða skjal sem lagt var fram á fundi samráðshópsins 10. janúar 2008 („Mat á kerfislægu mikilvægi banka“), glærur frá Andrew Gracie lagðar fram á fundi 18. mars 2008, skjal með fyrirsögninni „Úrræði

³ Skýrsla Bolla Þór Bollasonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 5. mars 2009, bls. 3.

stjórnvalda gegn óróleika á fjármálamörkuðum“ lagt fram 1. apríl 2008 (áður lagt fram 25. mars 2008) og, frá þeim sama fundi, „Mat á kostnaði vegna breyttra skilyrða á fjármálamarkaði“; skjal unnið af starfsmönnum Fjármálaeftirlits og Seðlabanka Íslands, „Sviðsmynd fjármálaáfalls“, lagt fram 21. apríl 2008; skjal frá forstjóra Fjármálaeftirlitsins, nefnt óformlega innan samráðshópsins „Ólystugi matseðillinn“, lagt fram 25. apríl 2008; drög að vinnuskjali frá Seðlabankanum, „Aðkallandi ákvarðanataka stjórnvalda vegna hættu á fjármálaáfalli“, lagt fram 7. júlí 2008; og að síðustu skjal frá Seðlabankanum sem lagt var fram á fundi samráðshópsins 15. ágúst 2008, „Stefna stjórnvalda og viðlagaundirbúningur“. Svar Geirs H. Haarde var að honum hefðu aðeins verið kynnt tvö þessara skjala. Glærurnar frá Gracie hefði formaður bankastjórnar Seðlabankans afhent honum á fundi 6. mars 2008 og Geir sagðist hafa séð skjalið sem stafaði frá Seðlabankanum fljótlega eftir að það var lagt fram 7. júlí 2008. Aðspurður sagði Geir um það hvort hann og ráðuneytisstjóri hans hefðu rætt um hvernig ætti að bregðast við því sem þar kom fram: „Ég býst við því að við höfum gert það, mig rekur ekki minni til nákvæmlega hvað okkur fór í milli.“ Af fyrirliggjandi drögum að fundargerðum samráðshópsins verður ekki ráðið að þér hafið á næstu fundum eftir að umrætt skjal var lagt fram 7. júlí 2008, og þar sem kallað var eftir að stjórnvöld þyrftu á næstu vikum að marka stefnu um viðbúnað stjórnvalda og hvernig ætti að standa að gerð viðbúnaðar- og aðgerðaráætlunar, gert samráðshópnum grein fyrir því hvernig forsætisráðherra teldi rétt að bregðast við þessum tillögum. Þá verður heldur ekki séð að þér sem stjórnandi hópsins hafið kallað eftir því að fulltrúar hinna ráðuneytanna í hópnum gengju eftir hver væri afstaða þeirra ráðherra og hún væri kynnt formlega innan hópsins.

Í ljósi þess sem rakið hefur verið hér að framan hefur rannsóknarnefndin það til athugunar hvort þér hafið sem fulltrúi forsætisráðuneytisins í samráðshópnum sinnt því með fullnægjandi hætti að kynna ráðherra það sem fram kom á fundum samráðshópsins og leita með fullnægjandi hætti eftir afstöðu hans til þess. Sérstaklega á það við þegar kallað var eftir pólitískri stefnumörkun af hálfu fulltrúa annarra stofnana sem áttu fulltrúa í samráðshópnum. Nefndin tekur fram að hún ræður það af fyrirliggjandi gögnum og því sem komið hefur fram við skýrslutökur að í starfi samráðshópsins hafi verið uppi viðhorfsmunur af hálfu fulltrúa fjármálaráðuneytisins og yðar annars vegar og hins vegar einkum fulltrúa Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands um skipulag vinnu að viðbúnaðar- og aðgerðaráætlun og um nauðsyn þess að kalla eftir pólitískri stefnumörkun af hálfu ráðherra um hvað ætti að leggja til grundvallar þeirri vinnu. Nefndin vísar þá jafnframt til þess að yður hafði verið falið að stýra starfi hópsins. Það hlaut því að koma í hlut yðar að ganga eftir því að eðlileg framvinda yrði í því starfi sem hópurinn fékkst við, að starfið næði þeim tilgangi sem lagt var upp með samkvæmt framangreindu og að þær stofnanir sem aðild áttu að samráðshópnum fengju formlega afgreiðslu og afstöðu til framkominna tillagna af hálfu annarra stofnana sem aðild áttu að þeim samráðsvettvangi.

Nefndin tekur fram að hvað sem líður lagareglum og starfsvenjum innan Stjórnarráðs Íslands um heimild starfsmanna þar, og þá sérstaklega ráðuneytisstjóra, til að ráða stjórnsýslumálum sem fjallað er um innan ráðuneyta til lykta, ýmist að höfðu samráði við ráðherra eða ekki, þá hefur nefndin það til athugunar hvort nauðsynlegt hefði verið af yðar

hálfu við framangreindar aðstæður að leita eftir afstöðu forsætisráðherra til þess hvort og þá hvernig stjórnvöld skyldu móta sér viðbúnaðar- og aðgerðaáætlun vegna hættu á fjármálaáfalli og hvernig hann vildi bregðast við framkomnum tillögum innan samráðshópsins um það. Þá afstöðu ráðherra hefði síðan þurft að kynna innan samráðshópsins. Nefndin telur að í þessu sambandi verði einnig að líta til þess hvernig til samráðshópsins var stofnað, þeirra verkefna hans sem samkomulag um hann afmarkaði sérstaklega og að þarna var um ræða viðfangsefni þar sem pólitísk stefnumörkun og val um leiðir með tilliti til almannahagsmuna og fjármála ríkisins hlutu að skipta verulegu máli. Að mati rannsóknarnefndar varð að ætla að slíkum atriðum yrði ekki ráðið til lykta nema forsætisráðherra, og eftir atvikum ráðherrar annarra ráðuneyta sem áttu aðild að hópnum, tækju afstöðu til þess hvort og hvernig þeir vildu beita frumkvæðisrétti sínum til að leggja fram eða taka þátt í að leggja fram lagafrumvörp á vettvangi ríkisstjórnar og Alþingis eða bregðast við á annan viðeigandi hátt með úrræðum innan stjórnkerfisins. Þá ræður nefndin það af fyrirliggjandi gögnum að afstaða yðar innan samráðshópsins með tilliti til þeirra sjónarmiða sem fulltrúi fjármálaráðuneytisins lýsti innan hópsins hafi ráðið miklu um að ekki var frekar en raunin varð unnið að gerð viðbúnaðar- og aðgerðaáætlunar á vettvangi samráðshópsins á grundvelli umfjöllunar og framlagðra gagna þar um þau efni.

Með tilliti til þeirra atriða sem rakin hafa verið í þessum lið hefur rannsóknarnefndin það til athugunar hvort þér hafið sem ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins, og í krafti þeirrar stöðu sá sem falið var að stýra starfi samráðshóps stjórnvalda, sýnt af yður vanrækslu í þeim skilningi sem lýst er í kafla II í bréfi þessu.

2.

Í samræmi við 10. gr. laga nr. 73/1969 um Stjórnarráð Íslands stýrðuð þér forsætisráðuneytinu undir yfirstjórn ráðherra. Fyrir í þessu bréfi hefur verið vísað til þess hvaða málefni féllu undir það ráðuneyti samkvæmt verkaskiptingu innan Stjórnarráðs Íslands. Þá liggur fyrir að vegna starfa yðar sem fulltrúi forsætisráðuneytisins í samráðshópi stjórnvalda fenguð þér margvíslegar upplýsingar um þróun í starfsemi íslensku bankanna, þ.m.t. um lausafjávanda þeirra, og þá hættu á fjármálaáfalli hér á landi sem þar var rætt um. Á fundum samráðshópsins komu einnig fram upplýsingar um mjög auknar skuldbindingar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta samhliða aukinni söfnun íslensku bankanna á innlánnum í útibúum þeirra erlendis. Samráðshópurinn ræddi einnig um hugsanlega möguleika á því að íslenska ríkið lýsti yfir ábyrgð á innlánnum að ákveðinni fjárhæð.

Samkvæmt svari forsætisráðuneytisins, dags. 25. febrúar 2009, við fyrirspurnum rannsóknarnefndar Alþingis kannaðist það ekki við að hafa gert úttekt á fjárhagslegri áhættu fjármálakerfisins á árunum 2007 og 2008 og fram að falli bankanna eða metið með öðrum formlegum hætti hugsanlega fjárhagslega áhættu íslenska ríkisins og ríkissjóðs vegna starfsemi íslensku fjármálafyrirtækjanna hér á landi og erlendis, eða einstakra þátta í starfsemi þeirra. Rétt er að fram komi að önnur ráðuneyti sem svarað hafa efnislega sömu fyrirspurnum frá rannsóknarnefnd hafa heldur ekki upplýst um að slíkt starf hafi verið unnið á þeirra vegum. Í því sambandi má telja að hafa hefði þurft í huga annars vegar

umfang þeirrar starfsemi í hlutfalli við stærð íslensks efnahagslífs og hins vegar hugsanlegar eða þegar orðnar breytingar á rekstrarumhverfi og starfsháttum fjármálafyrirtækjanna, svo sem stofnun innlánsreikninga í erlendum útibúum íslenskra fjármálastofnana og söfnun innlána gegnum þá. Verður þannig ekki séð að yfirlýsingar af hálfu ráðherra í ríkisstjórn um að staðið yrði við bakið á bönkunum hafi verið byggðar á útreikningum sem hefðu getað stutt við mat á því hvort ríkið hefði bolmagn til slíks stuðnings og þá í hvaða mæli.

Þegar tekið er tillit til þeirra upplýsinga sem þér höfðuð fengið um afstöðu Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins til stöðunnar í rekstri íslensku bankanna, og þar með um hættuna á fjármálaáfalli hér á landi, hefur rannsóknarnefndin það til athugunar hvort það teljist vanræksla í þeirri merkingu sem lýst er í II. kafla hér að framan að þér hafið með hliðsjón af starfsskyldum yðar sem ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu ekki gætt þess, og þá með því að leggja tillögu þar um fyrir ráðherra, að lagt yrði faglegt mat á það af hálfu ráðuneytisins hvort og eftir atvikum hver væri geta íslenska ríkisins til að styðja fjárhagslega við bak fjármálafyrirtækja landsins, einu eða fleiri, og þá ekki síst í ljósi yfirlýsinga sem fyrir liggur að voru gefnar af hálfu einstakra ráðherra um það efni. Með sama hætti kann hér að reyna á að ekki verður séð að forsætisráðuneytið hafi á þeim tíma sem vísað var til hér að framan lagt mat á þá fjárhagslegu áhættu og áhrif sem kynnu að fylgja auknum veðlánaviðskiptum Seðlabankans við íslensku fjármálafyrirtækin og auknum skuldbindingum Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta fyrir fjármál ríkisins en forsætisráðuneytið fór á þessum tíma með málefni sem vörðuðu hagstjórn almennt og Seðlabanka Íslands. Um innlán kemur það einnig til að óháð lagalegum álitaeftum um hugsanlega aðkomu íslenska ríkisins að skuldbindingum sjálfeignarstofnunarinnar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta sýnir reynslan að umræddar skuldbindingar innlánsstofnana hafa ákveðna sérstöðu þegar kemur að vali stjórnvalda á leiðum til að bregðast við og greiða úr áföllum vegna greiðsluþrots innlánsstofnunar. Þar var því sjálfsætt um að ræða atriði sem gat skipt máli við mat á fjárhagslegri áhættu íslenska ríkisins og ríkissjóðs vegna starfsemi íslensku fjármálafyrirtækjanna.

3.

Upplýst hefur verið fyrir rannsóknarnefnd að forsætisráðherra hafi ákveðið að morgni laugardagsins 4. október 2008 að kalla til tvo hagfræðinga og endurskoðanda til að vinna með efnahagsráðunaut hans og aðstoðarmanni viðskiptaráðherra að því að setja saman þá um helgina neyðaráætlun vegna yfirvofandi hættu á falli bankanna og fjármálaáfalli. Fram hefur komið í skýrslum Friðriks Más Baldurssonar og Jóns Steinssonar að þeir hafi átt fund með yður og Tryggva Þór Herbertssyni vegna verkefnisins þennan morgun. Því hafi verið lýst fyrir þeim að samráðshópur stjórnvalda væri lamaður „vegna þess að afstaða fulltrúa Seðlabankans í nefndinni [væri] allt önnur en afstaða annarra“ í hópnum. Þeim hafi verið sagt að fulltrúi Seðlabankans vildi „láta bankana fara á hausinn“. Þá hafi sérstaklega verið óskað eftir að þeir ynnu að þessu verkefni án þess leitað yrði til Seðlabanka Íslands. Fram kom jafnframt að þessi nýi sérfræðingahópur hefði við upphaf starfs síns ekki fengið afhent nein gögn frá forsætisráðuneytinu um það viðbúnaðarstarf og mögulegar aðgerðir sem áður

Rannsóknarnefnd Alþingis

höfðu komið fram á vettvangi samráðshóps stjórnvalda eða um þá vinnu sem unnin hafði verið í sérstökum aðgerðarhópi á vegum Seðlabankans vikuna á undan.

Nefndin tekur fram að við athugun á drögum að fundargerð vegna fundar samráðshópsins að kvöldi 3. október 2008 kemur ekkert beint fram um að sá skoðanamunur hafi verið uppi meðal fulltrúa í hópnum sem sagt er að fulltrúar forsætisráðuneytisins hafi lýst á fundinum að morgni 4. október 2008 og vísað var til hér að framan.

Rannsóknarnefndin hefur það til athugunar með vísan til þess sem greinir í þessum lið hvort þér hafið sem ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu sýnt af yður mistök eða vanrækslu í þeim skilningi sem lýst er í kafla II hér að framan með því að hafa ekki forgöngu um, og þá eftir atvikum með því að leita eftir afstöðu forsætisráðherra til þess, að þeim einstaklingum sem forsætisráðherra hafði kallað til og falið að vinna að neyðaráætlun á skömmum tíma voru ekki afhent og kynnt þau gögn og samantekir sem þegar höfðu verið unnar um hliðstætt viðfangsefni á vegum hins sérstaka samráðshóps stjórnvalda og lagðar þar fram af hálfu þeirra stofnana sem aðild áttu að samráðshópnum. Þau gögn hefðu þá m.a. lýst fyrir þeim sem komu nýir að verkinu hvaða leiðir höfðu á fyrri stigum verið taldar koma til greina á vettvangi sérstaks samráðshóps stjórnvalda um þessi málefni og hvaða afstaða hafði komið fram hjá einstökum stofnunum sem aðild áttu að þeim hópi vegna stöðu sinnar í stjórnkerfinu og/eða sérþekkingar á umræddum málefnasviðum.

IV.

Með vísan til 2. málsl. 13. gr. laga nr. 142/2008 er yður hér með veittur kostur á að koma að viðhorfum yðar til framangreindra atriða. Þess er óskað að svör yðar berist fyrir kl. 16.00 hinn 19. febrúar 2010 til skrifstofu nefndarinnar að Skeifunni 19 í Reykjavík. Að öðrum kosti verður ekki hægt að taka tillit til þeirra við vinnslu á skýrslu nefndarinnar. Þess er óskað að svörin berist einnig á tölvutæku formi, t.d. USB lykli eða á geisladiski. Ef þér teljið yður þurfa að fá aðgang að skjalasafni forsætisráðuneytisins til þess að koma að viðhorfum yðar er þess óskað að þér látið rannsóknarnefndina vita sem fyrst svo greiða megi götu yðar í því efni.

Virðingarfyllst,

fyrir hönd rannsóknarnefndar Alþingis,



Páll Hreinsson

Rannsóknarnefnd Alþingis

Reykjavík, 17. febrúar 2010.

Hr. Bolli Þór Bollason

Vísað er til bréfs rannsóknarnefndar Alþingis til yðar frá 9. febrúar 2010 þar sem yður var veitt tækifæri til að koma athugasemdum yðar á framfæri við nefndina á grundvelli 13. gr. laga nr. 142/2008 um afmörkuð atriði.

Þar sem hluti þeirra, sem veitt var færi á að koma að slíkum athugasemdum, hefur óskað eftir lengri fresti til þess að koma þeim á framfæri, hefur rannsóknarnefndin ákveðið að framlengja umræddan frest til miðvikudagins 24. febrúar nk..

Með vísan til 2. másl. 13. gr. laga nr. 142/2008 er yður hér með veittur frestur til þess að koma viðhorfum yðar á framfæri við nefndina og er óskað að svör yðar berist fyrir kl. 17.00 hinn 24. febrúar 2010 til skrifstofu nefndarinnar að Skeifunni 19 í Reykjavík. Að öðrum kosti verður ekki hægt að taka tillit til þeirra við vinnslu á skýrslu nefndarinnar. Þess er óskað sem fyrir að svörin berist einnig á tölvutæku formi, t.d. USB lykli eða á geisladiski.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd rannsóknarnefndar Alþingis,



Páll Hreinsson.

Rannsóknarnefnd Alþingis
Páll Hreinsson, formaður
Skeifunni 19
108 Reykjavík

Vísað er til bréfs rannsóknarnefndar Alþingis til undirritaðs, Bolla Þórs Bollasonar, ráðuneytisstjóra í félags- og tryggingamálaráðuneytinu og fyrrverandi ráðuneytisstjóra í forsætisráðuneytinu, dags. 9. febrúar 2010. Hér á eftir er gerð grein fyrir viðhorfum undirritaðs til þeirra atriða sem tilgreind eru í III. kafla bréfs nefndarinnar.

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 142/2008, um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða, skal rannsóknarnefndin að lokinni gagnaöflun gera þeim sem ætla má að orðið hafi á mistök eða hafi orðið uppvis að vanrækslu í starfi skriflega grein fyrir afstöðu sinni og eftir atvikum lagatúlkun á þeim atriðum sem varða þátt hans í málinu og nefndin íhugar að fjalla um í skýrslu til Alþingis. Nefndin veitir viðkomandi hæfilegan frest til að gera skriflega athugasemd við þessi atriði.

Kjarni andmælaréttar míns hlýtur að vera sá að ég eigi þess kost að tryggja réttindi mín og hagsmuni með því að kynna mér, þannig að fullnægjandi geti talist, gögn málsins og þau sjónarmið sem rakin eru í andmælabréfinu, leiðréttá fram komnar upplýsingar og koma að frekari upplýsingum um málsatvik áður en rannsóknarnefndin skilar skýrslu sinni. Andmælaréttur minn eigi ekki einungis að tryggja hagsmuni mína þannig að viðhlítandi sé, heldur jafnframt að málið sé allt nægilega upplýst, sbr. einnig til hliðsjónar rannsóknarreglu stjórnvælsuréttar. Með öðrum orðum, þá eigi að tryggja að niðurstaða rannsóknarnefndarinnar sé byggð á réttum upplýsingum og lögmætum sjónarmiðum.

Fyrir liggur hins vegar að þau atriði og sjónarmið sem vísað er til í bréfi rannsóknarnefndarinnar til mín eru mjög víðfeðm og efnismikil aukinheldur sem ég tel, svo sem rakið er í erindi þessu, að lýsing málsatvika sé oft villandi ef ekki hreinlega röng. Í ljósi þessa finnst mér veittur frestur heldur knappur. Í því sambandi skal jafnframt bent á að ég er ráðuneytisstjóri í félagsmálaráðuneytinu sem er tímafrekt starf, ekki síst á þessum tímum.

Til viðbótar framangreindu leyfi ég mér enn fremur að benda á, og svo sem ætla má að rannsóknarnefndinni eigi að vera vel kunnugt um, að að baki andmæla­reglu stjórnvælsuréttar býr ekki einungis það sjónarmið að tryggja rétta niðurstöðu heldur hefur reglan jafnframt verið talin hafa þann tilgang að vekja traust aðila máls, og raunar einnig almennings, á málsmeðferð. Í þessu sambandi leyfi ég mér að vekja athygli á tilvitnuðum ummælum Umboðsmanns Alþingis í UA 11. mars 2002 í máli nr. 3306/2001:

„Hins vegar bendi ég á að andmæla­reglan endurspeglar ekki síður það sjónarmið að rétt sé og eðlilegt að aðili máls fái að hafa áhrif á ákvarðanatöku stjórnvalds sem hefur þýðingu fyrir líf hans og sem snertir mikilvæga fjárhagslega eða félagslega hagsmuni. Það er rökrétt að mínu áliti að ganga út frá því að aðili máls sé fremur tilbúinn til þess að fallast á niðurstöðu stjórnvalds ef hann hefur átt raunhæfan kost á að taka virkan þátt í meðferð máls með því að veita stjórnvaldinu upplýsingar sem máli skipta og tækifæri til að taka afstöðu til lagaatriða. Að baki andmæla­reglunni búa því ekki aðeins sjónarmið sem ætlað er að tryggja eftir fremsta megni

rétta niðurstöðu í stjórnýslumáli heldur hefur reglan einnig þann mikilvæga tilgang að vekja traust aðila máls og almennings á málsmeðferð stjórnýslunnar.“

Ég ætla að sömu sjónarmið hljóti að gilda um þann andmælarétt sem kveðið er á um í 13. gr. laga nr. 142/2008.

Áskil ég mér allan rétt vegna framangreindra atriða.

Þá vil ég gera athugasemd við það hvernig ég var boðaður til skýrslutöku fyrir nefndinni, en það var gert símleiðis (af Tryggva Gunnarssyni) með óformlegum hætti. Í því símtali var mér ekki tjáð sérstaklega að um formlega skýrslutöku væri að ræða heldur væri tilgangurinn að nefndarmenn gætu glöggvað sig betur á atburðarásinni sem leiddi til hruns bankanna. Ég tek það fram að mér fannst beiðnin eðlileg og sjálfsagt að verða við henni.

Hins vegar gefur auga leið að ég hefði undirbúið mig með öðrum hætti ef ég hefði vitað að um formlega skýrslutöku væri að ræða. Þessi afstaða mín kemur fram í endurriti frá skýrslutökunni þar sem ég segi orðrétt: „*Já, eins og ég segi þá áttaði ég mig ekki alveg á að ég væri að fara í yfirheyrslu.*“ Sömuleiðis vísa ég ítrekað til þess í skýrslutökunni að ég muni ekki einstök atriði í atburðarásinni í smáatriðum. Hér hefði ég staðið betur að vígi og getað verið nákvæmari í skýrslugjöfinni til nefndarinnar ef ég hefði vitað að um formlega skýrslutöku væri að ræða og þar með kappkostað að skoða fundargerðir samráðshópsins og önnur gögn sem starfi hans tengdust sem og önnur gögn sem ætla mátti að kæmu til umræðu í formlegri skýrslutöku.

Mér lögfróðari menn hafa bent mér á að það hefði verið eðlilegt og í samræmi við vandaða stjórnýsluhætti að ég hefði verið boðaður til skýrslutökunnar með formlegri hætti en raun bar vitni.

Mér hefur jafnframt verið bent á af mér lögfróðari mönnum að það hefði verið eðlilegt og í samræmi við vandaða stjórnýsluhætti að munnlegur framburður minn hefði verið lesinn upp eða mér verið afhent eða sent endurrit síðar til staðfestingar á mínum framburði. Það var ekki gert og mér var heldur ekki gerð grein fyrir því í skýrslutökunni að slíkt væri mögulegt, hvað þá rétt og eðlilegt. Það var ekki fyrir en mér hafði borist fyrirnefnt bréf rannsóknarnefndarinnar að mér var bent á að óska eftir endurriti af skýrslutöku minni. Það var reyndar góðfúslega orðið við þeirri beiðni af hálfu rannsóknarnefndarinnar.

Ég vil áskilja mér allan rétt vegna þessara alvarlegu formgalla á málsmeðferðinni við skýrslutökuna af mér og öðrum þeim þáttum sem að henni lúta og hér hefur verið rakið.

- - - - -

Eins og fram kemur í bréfi nefndarinnar lúta athugasemdir hennar að störfum mínum sem ráðuneytisstjóra í forsætisráðuneytinu og setu minnar í samráðshópi forsætis-, fjármála- og viðskiptaráðuneyta, Fjármálaeftirlits og Seðlabanka um fjármálastöðugleika og viðbúnað sem ég stýrði. Það er þess vegna mikilvægt að skýra bæði tildrög þess að samráðshópurinn var settur á laggirnar sem og ekki síður hvert hlutverk hans var.

Í stuttu máli má segja að tildrög þess að samráðshópurinn var skipaður hafi verið að á alþjóðavettvangi hefur á undanförunum árum verið unnið að því að efla viðbúnað opinberra

stjórnvalda við hugsanlegum áföllum í fjármálakerfi. Þetta á t.d. við um Evrópusambandið en á vettvangi þess hefur verið unnið kerfisbundið að upplýsingaskiptum og skipulagi viðbúnaðar við áföllum. Þessi mál hafa einnig verið til umfjöllunar á Norðurlöndunum. Norræn fjármálaeftirlit hafa aukið samstarf sitt, ekki síst þegar í hlut eiga fjármálasamstæður sem starfa á flestum eða öllum Norðurlandanna. Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands höfðu einnig hugað að viðbúnaði vegna hugsanlegra erfiðleika á fjármálamarkaði. Meðal annars voru á árinu 2003 gerðar breytingar á samstarfssamningi Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands sem miðuðu að því að styrkja viðbúnaðarsamstarf stofnananna.

Liður í þessu samstarfi var að kynna framangreindar aðgerðir fyrir hlutaðeigandi ráðuneytum og óska samstarfs við þau um frekari aðgerðir. Í byrjun árs 2004 settu forsætisráðuneytið, fjármálaráðuneytið, viðskiptaráðuneytið, Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlitið á laggirnar óformlegan starfshóp sem ætlað var að huga að frekari útfærslu á viðbúnaði stjórnvalda í þessu skyni. Þessari vinnu lauk með greinargerð og tillögu hópsins til forsætisráðherra 17. febrúar 2006 um að setja á laggirnar formlegan samráðshóp ofangreindra aðila.

Starfshópurinn var síðan formlega settur á laggirnar með sérstöku samkomulagi hinn 21. febrúar 2006. Þar er verkefni hópsins skilgreint nánar þannig að samráðshópurinn eigi að vera vettvangur upplýsinga- og skoðanaskipta fulltrúa forsætis-, fjármála- og viðskiptaráðuneyta, Fjármálaeftirlits og Seðlabanka Íslands. Hópurinn átti að vera ráðgefandi og ekki taka ákvarðanir um aðgerðir. Jafnframt var í samkomulaginu tekið fram að:

„Skapist þær aðstæður að fjármálakerfinu sé talin hætta búin vegna áfalls í fjármálafyrirtæki eða á markaði skal efnt til umfjöllunar í samráðshópnum án tafar. Viðbrögð við slíkum vanda eru háð aðstæðum hverju sinni en grundvallaratriði er að eigendur og stjórnendur fjármálafyrirtækja sem og markaðsaðilar leysi vanda sinn sjálfir.“

Það var hins vegar ljóst og mikilvægt að halda því til haga að Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn voru eðli máls samkvæmt í leiðandi hlutverki sem eftirlitsaðilar með starfsemi fjármálafyrirtækja af hálfu stjórnvalda. Eins og segir orðrétt í fyrirnefndu samkomulagi:

„Samkomulagið takmarkar ekki svigrúm hvers um sig til sjálfstæðra ákvarðana um aðgerðir út frá hlutverki og ábyrgð sinni.“

Í bréfi nefndarinnar er vikið að störfum mínum í samráðshópnum, einkum þeim þætti þeirra sem lýtur að hugsanlegum viðbrögðum við fjármálaáfalli sem og því hvernig samráði hópsins við viðkomandi ráðherra hafi verið háttað. Ég mun nú víkja að einstökum atriðum í bréfi rannsóknarnefndarinnar.

1. Umfjöllun í kafla III.1 í bréfi nefndarinnar

Þar segir meðal annars um störf samráðshópsins að ekki verði:

„...séð að áhersla hafi verið lögð á gerð viðbúnaðaráætlunar af hálfu hópsins fyrr en á 8. fundi hans 18. mars 2008. Eftir það urðu fundir hópsins mun tíðari. Dagana 18. mars til 21. apríl 2008 hélt hópurinn sjö fundi. Á þeim var m.a. fjallað um gerð viðbúnaðaráætlunar. Með hliðsjón af því sem fram kemur í drögum að fundargerðum samráðshóps stjórnvalda á þessu tímabili virðist sem dregið hafi úr þeirri áherslu sem ríkti frá 18. mars 2008 varðandi gerð viðbúnaðaráætlunar. Á

næstu fjórum fundum, dagana 28. apríl til 29. maí, er ýmist lítið eða ekkert fjallað um gerð hennar.”

Sömuleiðis er í bréfinu haft eftir starfsmanni samráðshópsins sem starfaði í Seðlabankanum að:

„...bæði Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið hefðu reynt að kalla eftir því að mótuð yrði stefna um ákveðin atriði. Þar á meðal gat hann um minnisblað sem hann lagði fram 7. júlí 2008 um aðkallandi ákvarðanatöku stjórnvalda vegna hættu á fjármálaáfalli en sagði það hafa hlotið litla umræðu.“

Hér hallar vægast sagt mjög réttu máli. Staðreyndin er sú að vinna vegna undirbúnings viðbragðsáætlunar sem og margra annarra verkefna sem unnin voru á vegum samráðshópsins var sett af stað að minni tillögu sem formaður hans. Þetta kemur glöggt fram og verður nánar skýrt með tilvitnunum í fundargerðir samráðshópsins hér á eftir.

Fyrst er því til að svara að á vettvangi samráðshópsins var á árunum 2006 og 2007, í samræmi við erindisbréf hans, einkum fjallað almennt um stöðu og horfur á fjármáلامarkaðnum, bæði hér á landi og erlendis. Þessi umræða endurspeglar eðlilega þá stöðu sem þá var uppi á alþjóðamarkaði. Það var ekki fyrr en upp úr miðju ári 2007 sem horfur tóku að versna á alþjóðamarkaði. Hlutabréfaverð snarlækkaði, aðgengi að lánsfé þrengdist til muna og viðskipti á millibankamörkuðum urðu erfiðari. Skuldtryggingaálög hækkuðu einnig mikið, einkum á íslensku bönkunum. Þessi þróun ágerðist sem kunnugt er á árinu 2008 sem aftur endurspeglast í starfi samráðshópsins sem fundaði mörgum sinnum í mánuði og jafnvel oft í viku undir það síðasta þar til bankarnir féllu í byrjun október 2008.

Það er hins vegar rétt að vekja athygli á að þegar á árinu 2006 fjallaði nefndin um mikilvægi þess að styrkja heimildir Fjármálaeftirlitsins til að grípa inn í starfsemi fjármála fyrirtækja ef á þyrfti að halda. Þetta var í samræmi við tillögur hins óformlega starfshóps sömu aðila sem var undanfari hins formlega samráðshóps. Í fundargerð hópsins frá 30. nóvember 2006 segir orðrétt um þetta efni:

„Kristján Skarphéðinsson sagði að viðskiptaráðherra hefði lagt fram frumvarp til að styrkja heimildir FME í samræmi við tillögur hópsins en ýmislegt er ógert. Jónas Fr. Jónsson fór yfir helstu atriði frumvarpsins en nefndi að “krisuvinnan” væri eftir. M.a. þyrfti að vera hægt að vika stjórnarformanni eða stjórnenda frá við sérstakar aðstæður þó hann uppfylli hæfnisskilyrði.“

Hér var verið að fjalla um þörf á lagasetningu sem á endanum birtist í neyðarlögunum svonefndu í október 2008. Þótt þessar tillögur hafi þannig legið fyrir í grófum dráttum á þeim tíma taldi samráðshópurinn erfitt að fara fram með slíkar lagabreytingar á þessum tíma þar sem slíkt hefði sjáanlega getað grafið undan trausti manna á íslenskum fjármála fyrirtækjum og þannig skapað þann vanda sem tillögunum væri gagnert ætlað að koma í veg fyrir. Þetta var reyndar viðvarandi vandi í viðbragðsáætlunum íslenskra stjórnvalda allt þar til yfir lauk.

Ástæðan er sú að í mars 2006 skall, sem kunnugt er, á mikið gjörningaveður í kjölfar skrifa erlendra aðila um vanda íslensku bankanna sem segja má að hafi varað, með nokkrum hléum, allt þar til í október 2008. Þessi viðkvæma staða gerði það gjörsamlega ómögulegt að fara fram með lagabreytingar af þessu tagi þar sem slíkt hefði án nokkurs vafa verið túlkað

sem svo að stjórnvöld teldu stöðu bankanna veika og þar með kallað á áhlaup á íslensku bankana, innanlands sem erlendis, sbr. einnig hér síðar.

Það er því rangt sem segir í bréfi rannsóknarnefndarinnar að ekki hafi verið lögð áhersla á gerð viðbúnaðaráætlunar af hálfu hópsins fyrr en á 8. fundi hans 18. mars 2008.

Í mars 2008 fóru umræður í samráðshópnum hins vegar smám saman að færast í þann farveg að líkurnar á fjármálaáfalli kynnu að vera meiri en áður hafði verið talið. Frá þeim tíma fóru umræðurnar því að snúast í æ ríkari mæli um gerð viðbragðsáætlunar og einstök atriði í slíkri áætlun. Ennfremur var, að frumkvæði samráðshópsins, unnið að því í viðskiptaráðuneyti og Fjármálaeftirliti og með aðkomu fjármálaráðuneytis að undirbúa lagafrumvarp til að bregðast við hugsanlegu fjármálaáfalli.

Í fundargerð samráðshópsins frá 25. mars 2008 segir m.a. eftirfarandi um nauðsyn þess að undirbúa aðgerðir vegna stöðunnar á fjármálamarkaði (mínar undirstrikanir):

„Á síðasta fundi samráðshópsins fól formaðurinn, Bolli Bollason, FME og Seðlabanka Íslands að taka saman yfirlit um helstu mögulegu aðgerðir. Jónas Fr. Jónsson dreifði þremur skjölum frá FME og skýrði þau nánar, þ.e. nokkrir umræðupunktur, greining á innlánnum viðskiptabanka og sparisjóða og loks yfirlit yfir stærðardreifingu innstæða hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum. Tryggvi Pálsson dreifði tveimur skjölum frá Seðlabankanum og skýrði þau nánar, þ.e. annars vegar úrræði stjórnvalda gegn óróleika á fjármálamörkuðum og hins vegar dæmi um kostnaðaraukningu erlendra lána. Í umræðunum sem fylgdu var m.a. rætt nánar um hugmyndina um kaup Íbúðalánasjóðs á fasteignabréfum til að létta á lausafjárbanda. Að loknum umræðum var skjölunum skilað aftur en ákveðið að FME og Seðlabankinn skyldu vinnu áfram að gerð tveggja yfirlita, þ.e. um mögulegar aðgerðir stjórnvalda og kostnaðarmat.

Bolli Bollason boðaði til fundar eftir viku og sagði nauðsynlegt að enda með plan sem væri tiltækt. Jónas Fr. Jónsson sagði að auk framlagðra gagna væri hann með frumvarpsdrög sem hann hefði í huga að sýna Áslaugu Árnadóttur og gætu e.t.v. nýst í aðgerðaáætlun.“

Hér er sérstaklega vakin athygli á skjali frá Seðlabanka, sem ég sem formaður samráðshópsins óskaði eftir, um: „Úrræði stjórnvalda gegn óróleika á fjármálamörkuðum.“ Í þessu skjali er meðal annars fjallað um: „...helstu úrræði sem stjórnvöld hafa til að bregðast við yfirstandandi lausafjárþrengingum á íslenskum fjármálamarkaði. Samantektin er gerð í samræmi við tillögur Andrew Gracie, sérfræðings hjá fyrirtækinu Crisis Management Analysis sem sérhæfir m.a. í ráðgjöf til stjórnvalda sem hafa á hendi stefnumörkun og eftirlit á fjármálamarkaði.“

Á næsta fundi samráðshópsins, sem haldinn var 1. apríl 2008, var haldið áfram að fjalla um viðbúnaðaráætlun stjórnvalda. **Í ljósi þess misskilnings sem fram kemur í bréfi rannsóknarnefndarinnar um að samráðshópurinn hafi með einhverjum hætti slakað á umræðu um viðbragðsáætlun stjórnvalda á þessum tíma er óhjákvæmilegt að birta fundargerðina í heild sinni (mínar undirstrikanir):**

„Samráðshópur forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlits og Seðlabanka Íslands um fjármálastöðugleika og viðbúnað.

Nr. 10, 1. apríl 2008 kl. 12:00-13:30 í Seðlabanka Íslands

Mættir voru Bolli Þór Bollason, Baldur Guðlaugsson, Áslaug Árnadóttir, Jónas Fr. Jónsson, Ingimundur Friðriksson og Tryggvi Pálsson sem ritaði fundargerð.

Dagskrá: Framhald umræðna frá síðasta fundi

Rætt var í upphafi um ákvarðanir Fitch um að setja bankana og ríkið á neikvæðar horfur.

Spurt var um hreyfingar á innlánnum Landsbankans og Kaupþings í Bretlandi. TP upplýsti að svo virðist sem Kaupþing Edge sé enn í vexti en innlán Landsbankans hafa verið að minnka, bæði heildsölu- og smásöluinnlánin. ÁÁ benti á mikilvægi þess að Kaupþing skráir innlánin í dótturfélagi sínu en Icesave er í útibúi Landsbankans. Sem stjórnarformaður Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta hafði hún fundað í síðustu viku með sendinefnd frá breska tryggingarsjóðnum sem kom í heimsókn til Íslands. Í undirbúningi er að breyta reglum breska tryggingarsjóðsins. Það gæti gert samanburðinn við íslenska tryggingarsjóðinn enn óhagstæðari sem og stöðu innstæðueigenda í útibúum íslensku bankanna erlendis.

Dreift var tveimur vinnuskjölum. Annars vegar „Úrræði stjórnvalda gegn óróleika á fjármálamörkuðum” sem Seðlabankinn og FME tóku saman og hins vegar „Mat á kostnaði vegna breyttra skilyrða á fjármálamarkaði” sem Seðlabankinn vann. Farið var yfir nýjar upplýsingar í vinnuskjölum þessum.

BB spurði hversu mikil vinna væri að koma með frumvarp um breytingar á lagaákvæðum um fjármálaeftirlit, sbr. lið 5 bls. 9 í fyrrnefnda vinnuskjalinu. JFJ sagði að frumdrög væru tilbúin og hafa verið sýnd viðskiptaráðuneyti. Nokkur vinna er eftir. BG taldi að slíkt frumvarp þyrfti helst að leggja fram á rólegum tíma eða þá þegar krísa er skollin á.

Greint var frá því að BG, JFJ og IF hefðu fundað í gær og rætt um samræmda stefnu stjórnvalda. Þeir legðu áherslu á að halda þyrfti þétt að stjórnendum fjármálafyrirtækja að þeir bjargi sér sjálfir s.s. með róttækri sölu eigna.

BB tók fram að stjórnendur bankann ættu að gera sér grein fyrir að stjórnvöld vilja verja innstæðueigendur en ekki hluthafa eða lánadrottna. BG sagði vandann vera sá að menn vilji einfaldar lausnir. Það skipti nú m.a. máli hvort Landsbankanum takist að flytja innlán útibúsins yfir á dótturfélag í Bretlandi. TP nefndi að fjármálaeftirlit Bretlands setji það skilyrði að eignir færast samhliða til dótturfélagsins, þ.m.t. viðeigandi lausafjárstaða. BB bætti við að tilflutningur innlána þar sem samband væri haft við alla innstæðueigendur hlyti að vera viðkvæm aðgerð.

JFJ taldi þau skilaboð nauðsynleg að fyrirgreiðsla stjórnvalda yrði gegn ströngum skilyrðum. M.a. gæti þurft að sameina rekstur fjármálafyrirtækja í tengslum við opinbera aðstoð. BB sagði að setja þyrfti á blað aðgerðaáætlun.“

Aftur er, af gefnu tilefni, ástæða til þess að vitna í fundargerð samráðshópsins frá 2. apríl 2008 en þar segir meðal annars (mínar undirstrikanir):

„Dagskrá:

1. Aðgerðaráætlun
2. Önnur mál

1. Aðgerðaráætlun

BB sagði í upphafi að tími væri kominn til að taka saman aðgerðaráætlun og draga mörkin. Hann sagðist skilja málið ráðherramegin þannig að taka ætti á:

- *stóru bönkunum þremur*
- *innlánstryggingum*

Rætt var nánar um þessar áherslur og þörfina á að setja sérstaka vinnu í gang. Ákveðið var að skipa tvo starfshópa. Annars vegar myndu Seðlabankinn og FME setja á blað trúverðuga sviðsmynd sem gæti falið í sér að einn af stóru bönkunum þremur lenti í vanda. Í samræmi við þá stöðu væru tilgreindar þær aðgerðir stjórnvalda sem helst kæmu til greina og þau skilyrði sem helst yrðu sett fyrir opinberum inngrípum. Hins vegar væri skipaður starfshópur sem greindi álitamál í innlánstryggingum og drægi upp tillögu að yfirlýsingu stjórnvalda sem grípa mætti til ef þörf er talin á. Rætt var um að Áslaugu Árnadóttur

tæki að sér forystu í þessari vinnu og fengi til aðstoðar Jónas Þórðarson, Pál Þórhallsson og e.t.v. fulltrúa frá FME. BB spurði hversu hratt væri hægt að vinna verkið og var ákveðið að hefjast handa samdægurs og samráðshópurinn yrði látinn fylgjast með framvindu verksins.“

Sömuleiðis er ástæða til að vitna í fundargerð samráðshópsins frá 4. apríl 2008 en þar segir m.a. (mínar undirstrikanir):

„Dagskrá: Framhald umræðu frá síðasta fundi um aðgerðaáætlun.

BB spurði um stöðu smærri fjármálaafyrirtækja. JFJ sagði FME fylgjast grannt með stöðu þeirra. Nú væri m.a. verið að taka saman yfirlit yfir fasteignaveðlán sparisjóða sem hugsanlega gætu nýst til að styrkja lausafjárstöðu þeirra.

ÁÁ dreifði og skýrði samantekt, dags. 4. apríl, um innstæðutryggingar. Aftast í því skjali eru dregin saman helstu álitamál eins og óskað hafði verið eftir á síðasta fundi. Ýmsar ábendingar komu fram til vinnuhópsins sem Áslaug stýrir varðandi álitamálin. BG sagði að miða þyrfti útreikninga við að allt færi á versta veg. ÁÁ greindi frá tillögu breska tryggingarsjóðsins um að hann tæki að sér, ef á reyndi, að greiða út bætur til þarlandra innstæðueigenda en fengi síðan endurgreitt frá íslenska tryggingarsjóðsins. Tillögur um endurbætur á breska kerfinu verða væntanlega lagðar fram 22. apríl nk.

JFJ sagði frá því að vinnuhópur FME og Seðlabankans er tekinn til starfa en honum er ætlað að bregða upp sviðsmynd um áfall og benda á vænlegustu aðgerðir stjórnvalda ásamt skilyrðum sem setja mætti. BB lagði áherslu á að hóparnir skili niðurstöðum sínum sem fyrst. TP minnti á aðgerðaáætlun Andrew Gracie en hún gerir ráð fyrir að bönknum yrði stillt upp við vegg þegar hið opinbera er búíð að marka stefnuna („fund or else“).

IF gerði grein fyrir álitum matsfyrirtækja, þ.m.t. væntanlega skýrslu frá Moody's. BG fór yfir minnispunkta sem hann hafði tekið saman og varaði við óábyrgu blaðri. Ekki mætti lofa meiru en hægt væri að standa við. JFJ sagði að vandinn byrjaði sem lausafjársandi sem gæti gerst innan þriggja mánaða. Það sem ber að gera núna er að tala ekki kerfið niður heldur þrýsta á fjármálaafyrirtækin að þeir þurfi að grípa til róttækra aðgerða eins og sölu stórra eigna. IF bætti við að betra væri að lifa minni en að deyja stór.

BB minnti á tvennt í skjalinu um úrræði stjórnvalda, þ.e. Íbúðalánasjóð og heimild til lífeyrissjóða til að lána verðbréf. BG sagði varðandi síðara málið að frumvarp væri komið fram en lítill áhuga væri meðal lífeyrissjóða. Einnig sé óvíst hve mikið fé ÍLS hafi til ráðstöfunar sem og hve mikið af veðhæfum fasteignaveðbréfum fjármálaafyrirtækin hafi til að selja til ÍLS. JFJ telur að sparisjóðirnir hafi slík bréf en tíma taki að pakka þeim í seljanlega skuldabréfavafninga. IF sagði að alls staðar í heiminum væri verið að skoða óhefðbundnar leiðir. TP varpaði því fram hvort skipa ætti þriðja vinnuhópinn til að skila álitum um hversu gerleg og gagnlega hugmyndin væri. BG sagði að slík breyting ætti að vera í tengslum við endurskoðun á heildarskipulagi ÍLS og ekki væri víst að stjórnendur ÍLS hefði áhuga á hugmyndinni né að útboð ÍLS nú hefði heppilega áhrif á framkvæmd peningastefnu Seðlabankans. BB nefndi að frumvarp um ÍLS væri langt komið en pólitískt erfitt. BG sagði að gott væri ef FME aflaði upplýsinga um umfang fasteignaveðbréfa og kæmi þeim upplýsingum til hans.“

Á næsta fundi hópsins 10. apríl 2008 var áfram haldið að ræða um undirbúning aðgerðaáætlunar. Í fundargerð segir um það atriði meðal annars (mínar undirstrikanir):

„2. Aðgerðaráætlun

2.1 Sviðsmyndir fjármálaáfalls

Vinnuskjal, dags. 10. apríl, var lagt fram og lesið yfir. Ábendingar komu fram um m.a. að draga saman lýsingarnar á áhrifum aðgerða og aðgerðaleysis, draga saman þau skilyrði sem stjórnvöld gætu sett og fjalla um þá möguleika sem kunna að vera á að slá skjaldborg um ákveðna þætti í starfsemi bankanna.

BB tók fram að viðfangsefnið væri staða þriggja stærstu bankanna sem kerfislega mikilvægra banka. Rökstuðning þarf fyrir því. BG bætti við að þrýsta þarf á bankana að bregðast við. JFJ upplýsti að FME er að taka saman yfirlit um bankana en utanaðkomandi aðilar geta aldrei séð öll þau úrræði sem þeim kann að nýtast.

ÁÁ dreifði frétt frá EU Observer 19. mars sl. um kærnu danskra banka vegna aðstoðar við Northern Rock.

2.2 Innlánstryggingar

ÁÁ dreifði skjali, dags. 10. apríl, sem nefnist „Greiðslur úr innstæðudeild Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta“. Í viðaukum eru drög að auglýsingu um frest til að lýsa kröfum og tveir möguleikar á að yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

JFJ óskaði eftir að skoðaðir yrðu möguleikar á skuldajöfnun. Álík ákvæði eru í Bretlandi sem ætlunin er að fella út í þeirri endurskoðun sem hafin er. Ekkert slíkt ákvæði er í íslensku lögnum.

2.3 Íbúðalánasjóður

JFJ afhenti minnisblað um fjármögnun íbúðaveðlána banka og sparissjóða og lánasamninga við Íbúðalánasjóð, dags. 9. apríl. Fram kemur m.a. að hlutfall íbúðalána, sem ekki hafa verið fjármögnuð eða „seld“ öðrum aðilum, af heildareignum er í flestum tilvikum á bilinu 14-24% hjá sparissjóðunum. Samsvarandi tölur fyrir bankana eru á bilinu 4-10%. Möguleiki á sérstakri fjármögnun þessara lána gæti skipt talsverðu máli til að bæta lausaffjárstöðuna og draga úr fastvaxtaáhættu, einkum fyrir sparissjóðina. IF taldi mjög brýnt að skoða þetta mál. BB upplýsti að forsætisráðherra hefði sett af stað slíka skoðun á fundi ríkisstjórnarinnar og félagsmálaráðherra hefði verið falið að kanna málið.

3. Önnur mál

BG gerði grein fyrir stöðunni varðandi viðlagasamning ESB. Á síðasta fundi ECFIN var afgreiddur nýr samningur sem verið er að undirrita af fjármálaráðherrum, seðlabönkum og fjármálaeftirlitum aðildarlanda ESB og klárast það væntanlega í næsta mánuði. Hann vakti athygli á breytingu á texta varðandi mögulega þátttöku Íslands og Noregs. Nú stendur að löndin geti tengst (invited to associate themselves with this Memorandum) en í samningnum frá árinu 2005 var sagt að ef öll aðildarlöndin væru því samþykkt gætu löndin átt aðild að samningnum (may by common consent invite ... to become parties to this Memorandum).

Fjármálaráðuneytið hefur forræði í þessu máli. Næsta skref er að formlegt bréf verður skrifað til landsins sem hefur formennsku í ESB (nú Slóvenía en Frakkland næsta ár).“

Á næsta fundi hópsins 21. apríl 2008 var áfram haldið að ræða undirbúning viðbragðsáætlunar eins og fram kemur í fundargerð en þar segir meðal annars (mínar undirstrikanir):

„Dagskrá:

1. Aðgerðaáætlun
2. Önnur mál

1. Aðgerðaráætlun

1.1. Íbúðalánasjóður

JFJ hefur áhyggjur af 4-5 smærri fjármálaþyrtingum. Þau eru undir sérstöku eftirliti FME. Innþökkun húsnæðislána gæti tekið of langan tíma fyrir þessa aðila.

BB sagði að félagsmálaráðherra hefði lokið könnun sinni á hugmyndum um að ÍLS kaupi þegar útgefin fasteignaveðbréf. Að áliti ÍLS þyrfti að skoða þrennt áður en ákvörðun er tekin, þ.e. hvort heimildin bryti í bága við samkeppnisákvæði EES, hvort hún væri í samræmi við núgildandi lagaramma og hvort fram gætu komið neikvæð áhrif á lánshæfismat ÍLS. IF mælti eindregið með að farið yrði strax í að kanna þessa

þætti. BG sagði að fjármálaráðuneytið þyrfti að koma að þeirri athugun. JFJ nefndi að e.t.v. þyrfti að breyta lögum til að heimila ÍLS kaupin. BG tók að sér að fara í verkefnið í samstarfi við aðra.

1.2 Sviðsmyndir fjármálaáfalls

TP greindi frá tímabundnum lausafjórvaða Glitnis í Noregi og væntanlegri lækkun S&P á lánshæfi bankans úr A- í BBB+.

Lagt var fram endurbætt vinnuskjal, dags. 21. apríl, en starfshópur Seðlabankans og FME vann verkið. Farið var lauslega yfir skjalið og rætt sérstaklega um niðurstöðurnar.

BB tilgreindi næstu skref í viðbúnaðarstarfinu:

1. Móta sameiginlega stefnu stjórnvalda og setja þrýsting á bankana (ráðherrar og stjórnendur FME og SÍ)
2. Undirbúa lagafrumvörp (viðskiptaráðuneyti og fjármálaráðuneyti)
3. Íbúðalánasjóður (fjármálaráðuneyti)
4. Aðgerðaráætlun útfærð

Varðandi síðastnefnda liðinn taldi hann nauðsynlegt að móta afstöðu fyrir næsta fund um hvernig staðið yrði að gerð aðgerðaráætlunar.“

Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið með beinum tilvitnunum í fundargerðir starfshópsins er afar erfitt að sjá með hvaða rökum rannsóknarnefndin kemst að eftirfarandi niðurstöðu í bréfi sínu:

„Með hliðsjón af því sem fram kemur í drögum að fundargerðum samráðshóps stjórnvalda á þessu tímabili virðist sem dregið hafi úr þeirri áherslu sem ríkti frá 18. mars 2008 varðandi gerð viðbúnaðaráætlunar.“

Fundargerðirnar sýna þvert á móti að það var vaxandi þungi í umræðum innan starfshópsins um að hraða þyrfti undirbúningi við gerð viðbragðsáætlunar og lagafrumvarps.

Enn fjarri lagi er eftirfarandi fullyrðing í bréfi nefndarinnar þar sem segir:

„Á næstu fjórum fundum, dagana 28. apríl til 29. maí, er ýmist lítið eða ekkert fjallað um gerð hennar.“

Á þessu tímabili voru fundirnir reyndar fimm en ekki fjórir. Eins og glögg kemur fram í fundargerðum þessara funda er þar nánast eingöngu fjallað um atriði sem lúta að aðgerðaáætlun stjórnvalda með einum eða öðrum hætti. Fyrirnefnd fullyrðing sem fram kemur í bréfi rannsóknarnefndarinnar um að svo virðist sem dregið hafi úr áherslu samráðshópsins á gerð viðbragðsáætlunar er því með öllu óskiljanleg, sérstaklega í ljósi þess að rannsóknarnefndin hefur haft aðgang að öllum fundargerðum samráðshópsins. Það er þess vegna nauðsynlegt að vekja sérstaka athygli rannsóknarnefndarinnar á eftirfarandi bókunum í fundargerðum samráðshópsins:

Þannig er dagskrá fundar samráðshópsins 28. apríl eftirfarandi:

„Dagskrá:

1. Staða og horfur á fjármálamörkuðum

a. Endurkaup ECB

- b. MoU ESB
- 2. Aðgerðaáætlun
 - c. Íbúðalánasjóður
 - d. Lagafrumvörp
 - e. Stefnunarkandi ákvarðanir stjórnvalda
- 3. Önnur mál.“

Sömu sögu er að segja af næstu fundum samráðshópsins, þar snerust umræðurnar meira og minna um atriði sem tengdust aðgerðaáætluninni. Í fundargerð frá 15. maí 2008 segir meðal annars:

„BÞB greindi frá fundi fulltrúa forsætisráðuneytisins, fjármálaráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, Fjármálaeftirlits og Seðlabanka Íslands fyrr í vikunni. Þar var farið yfir helstu atriði sem varða hugsanleg „kaup“ Íbúðalánasjóðs á fasteignaveðlánunum minni fjármálafyrirtækja. Fulltrúar Íbúðalánasjóðs höfðu lýst ýmsum áhyggjum af þeim ráðagerðum, m.a. varðandi lánshæfismat og álit ESA. Mismunandi sjónarmið voru uppi hvort lagabreytinga væri þörf. Eftir þennan fund átti BÞB fund með félagsmálaráðherra og sérfræðingum félagsmálaráðuneytisins. Þar var greint frá því að álit lögfræðinga ráðuneytisins og Íbúðalánasjóðs væri að lagabreytingar væri ekki þörf til þess að Íbúðalánasjóður „keypti“ fasteignaveðlán af fjármálafyrirtækjum.

JFJ kvaðst mundu skoða það frekar hjá sér hið fyrsta.“

Ennfremur segir síðar í fundargerðinni:

„ÁÁ greindi frá því að enn væri unnið að frumvarpadrögum sem fyrr hefðu verið rædd. Þau væru langt komin og unnt ætti að vera að ljúka gerð þeirra mjög hratt ef á þyrfti að halda.“

Af gefnu tilefni er enn og aftur er nauðsynlegt að birta heilu fundargerðirnar þar sem rannsóknarnefndin virðist ekki túlka það sem þar er að finna rétt. Í fundargerð samráðshópsins frá 21. maí 2008 segir eftirfarandi:

„Mættir voru Bolli Þór Bollason, Baldur Guðlaugsson, Áslaug Árnadóttir, Jónas Fr. Jónsson, Ingimundur Friðriksson og Tryggvi Pálsson sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Staða og horfur á fjármálamörkuðum
2. Möguleg ákvarðanataka á undirbúningsstigi (ólystugi matseðillinn)
3. Önnur mál

1. Staða og horfur á fjármálamörkuðum

Undir þessum dagskrárlið voru eftirfarandi málefni rædd:

- a. **Skiptasamningar Seðlabanka Íslands.** IF gerði grein fyrir lyktum samninga bankans við seðlabanka Noregs, Svíþjóðar og Danmerkur. BB sagði að vel hefði tekist til með samningana og kynningu þeirra.
- b. **Nýtt mat Moody's á lánshæfi ríkissjóðs.** Einkunnin hefur verið lækkuð en jákvætt er að horfur eru núna stöðugar. Það auðveldar lántöku.
- c. **Viðbótarútgáfa ríkisskuldabréfa.** Tilkynnt verður í dag um útgáfuna sem kemur til framkvæmda síðar. Vænst er eftirspunar erlendis frá en um leið gæti dregið úr innlendu lausafé.
- d. **Íbúðalánasjóður (ÍLS).** JFJ sagðist efast um að ekki þyrfti lagabreytingu m.t.t. hlutverks og verkefna ÍLS. Spurning er hversu mikið er hægt að teygja núgildandi heimildir. IF minnti á

möguleikann á skiptasamningum í stað beinna kaupa ÍLS. BG sagði verkefnið tímabundið því endurskoðun laga sjóðsins er framundan. BB fór yfir málið með ráðuneytisstjóra félagsmálaráðuneytis í gær. Úrskurður ESA er væntanlegur um miðjan júní nk. TP nefndi að möguleg kaup fasteignaveðlána af smærri fjármálafyrirtækjum væru í heild um 10-15 ma. kr. samanborði við 430 ma. kr. sem Seðlabankinn hefur útstandandi í lánum til fjármálafyrirtækja. JFJ bætti við að ÍLS hefði keypt á sínum tíma 80 ma. kr. af sambærilegum lánum. Hann taldi að skiptasamningar gætu e.t.v. rúmast innan áhættustýringar ÍLS. IF sagði að nú væri frekari staðfesting fengin á því að erlendir seðlabankar taka sem tryggingu aðeins bréf með láns hæfismati. Að lokum var rætt um kynningarhliðina en ÍLS er að skoða mögulegar leiðir að lausn og kynningu.

- e. **Viðræður Kaupþings og SPRON.** JFJ sagði óljóst hvort niðurstaða fengist innan þeirra fjögurra vikna sem nefndar voru í upphafi viðræðna. Tvennt veldur helst vanda, þ.e. skilmálar vegna eigendaskipta í lánasamningum og hlutabréfaeignin í Exista.
- f. **Viðlagasamningur ESB.** BG upplýsti að biðstaða er í málinu því enn hafa ekki allir ritað undir samninginn og hann tekur ekki formlega gildi fyrir en það liggur fyrir. Í framhaldi af því verður skrifað bréf til Íslands, Noregs og Lichtenstein og boðin tenging. Hinn endanlegi frágangur gæti því dregist til hausts. Spurning er á hvaða tímapunkti er unnt að segja frá þátttöku Íslands.

2. Möguleg ákvarðanataka á undirbúningsstigi (Ólystugi matseðillinn)

BG varð að hverfa af fundi þegar komið var að þessum dagskrárlið og því var ákveðið að fresta umræðu um hann til næsta fundar. Samt var þess getið að fyrsti liðurinn á listanum væru heimildir til handa ÍLS og þau mál væru í farvegi. Varðandi sjötta lið listans þá væri frumvarp tilbúið í drögum sem hægt væri að leggja fram með sólarhrings fyrirvara.

3. Önnur mál

IF ræddi um veðkröfur ECB og mögulegar þrengingar á heim. Í forystugrein Financial Times sl. föstudag voru tveir bankar nefndir í þessu sambandi og annar þeirra var Glitnir (hinn Lehman Bros.)

Sömu sjónarmið gilda um fundargerð næsta fundar sem var haldinn 29. maí 2008 en þar er eftirfarandi bókað (mínar undirstrikanir):

„Dagskrá:

1. Staða og horfur á fjármálamörkuðum
2. Möguleg ákvarðanataka á undirbúningsstigi (ólystugi matseðillinn)
3. Önnur mál

1. Staða og horfur á fjármálamörkuðum

Rætt var um tilkynningu Landsbankans um markaðssetningu á Icesave innlánnum í Hollandi gegnum útibúið í Amsterdam en það eykur enn skuldbindingar Tryggingarsjóðsins. JFJ upplýsti að tíu umsóknir um útibú íslenskra banka erlendis liggja fyrir hjá FME.

BG nefndi nýlega frétt í Financial Times um væntanlega sölu Glitnis á hæfum bréfum til ECB. IF og TP töldu að í þessu fælist hætta fyrir Glitni sem stendur veikast bankanna en treystir á skuldabréfun sem fjármögnun. Seðlabankar geta hvenær sem er ákveðið að þrengja hæfinisskilyrðin fyrir kaup á bréfum. Nú væri tækifærið til að létta á fjármögnunarvandanum en þrengt getur að aftur hvenær sem er. Búast má við að uppgjör bankanna á næstu ársfjórðungum verði slök. JFJ benti á aukin vanskil, vanda smærri fjármálafyrirtækja og að haustið gæti orðið erfitt. Dreift var línuriti sem sýnir þróun skuldatryggingarálaga. Álögin hafa verið að færast upp á síðustu vikum fyrir Kaupþing og Glitni.

2. Möguleg ákvarðanataka á undirbúningsstigi (ólystugi matseðillinn)

Framhald var á umræðu síðasta fundar um spurningarnar fimm á listanum sem JFJ hafði lagt fram. Á þeim fundi hafði verið umræða um liði 1 og 6. JFJ taldi nauðsynlegt að fá afstöðu til spurninga 2, 4 og 5 til að undirbúa viðbrögð. JFJ sagðist staldra við 5 m.kr. viðmiðið í innlánum sem dekkar 95% innlána, sbr. skýrslu viðskiptaráðuneytisins, dags. 9. maí sl., um ábyrgð á innstæðum.

BG taldi að ekki væri hægt að hafa mótaða skoðun, allt væri háð aðstæðum. JFJ nefndi að stuttur tími gæfist til að bregðast við, sbr. Northern Rock og Bear Stearns. Tveggja sólarhringa fyrirvari væri lúxus og því væri nauðsynlegt að vera undirbúin. Spurningin væri um að einangra vandamál og koma í veg fyrir útbreiðslu skaðans.

ÁÁ benti á að í útreikningum skýrslunnar á upphæð ábyrgðar væri ekki tekið með í reikninginn að “top-up cover” kæmi væntanlega frá erlendum tryggingarsjóðum vegna innlána þar.”

BG sagði að fráleitt væri að hægt sé að marka stefnu nú. JFJ sagði að það hefði tekið bresk stjórnvöld marga daga að átta sig á stöðunni og undirbúningur þeirra hefði reynst ónógur. Hver dagur í töf getur aukið skaðann verulega.

BB kvað meira talnaefni vanta. Gagnlegt væri að sjá hversu fjárhæðin breytist við mismunandi viðmið, hversu stór erlendu innlánin eru og hve mikið fé gæti komið frá erlendum tryggingarsjóðum. ÁÁ og JFJ ætla að taka það saman.

BB vildi einnig fá skriflega lýsingu á hugsanlegum smitáhrifum í áfalli. BG bætti við að einnig þurfi að koma fram plúsar og mínusar við aðgerðir. JFJ minnti á útreikninga Seðlabankans á mögulegum kostnaði við lausn fjármálaáfalls og hagvaxtartap en þeir útreikningar höfðu áður verið lagðir fram í samráðshópnum.

IF sagði að unnt ætti að vera að taka ákvörðun eftir að fyrir liggja umbeðnar upplýsingar frá ÁÁ og JFJ. BB bætti við beiðni sinni um að fá einnig hugleiðingar um smitáhrif fjármálaáfalls.

Varðandi spurningu 4 sagði IF að útreikningar á kerfislegu mikilvægi lægju fyrir og hefðu áður verið afhentir hópnunum. TP sagði kristaltært að stóru bankarnir þrír væru kerfislega mikilvægir sem og ímyndaráfall tengdra aðila. Beiðið var um að umræddir útreikningar yrðu aftur sendir til fundarmanna.

IF spurði um framkvæmd varðandi viðskipti Íbúðalánasjóðs við lánastofnanir (sbr. spurningu 1 á listanum). BB sagði að ráðuneytissjóri félagsmálaráðuneytis væri með málið.

Eins og fram kemur í fundargerð næsta fundar 7. júlí 2008 liðu nokkrar vikur þar til aftur tók að hvesa á fjármálamarkaðnum, jafnt hér heima fyrir sem erlendis. Aftur er nauðsynlegt að birta fundargerðina sem næst í heild sinni (mínar undurstrikanir):

„Dagskrá:

1. Möguleg ákvarðanataka
2. Önnur mál

1. Möguleg ákvarðanataka

Frestað hafði verið fundi hópsins sem áður hafði verið boðaður 19. júní sl. en þá var ætlunin að fara yfir þau atriði sem snúa að „ólystuga matseðlinum”.

ÁÁ dreifði og skýrði vinnuskjal viðskiptaráðuneytisins, dags. 7. júlí, með áætlun um innstæður í bönkum og sparisjóðum sem eru innan 2, 3, 4 og 5 m.kr. viðmiða fyrir einstaklinga og lögaðila í sept. 2007.

JFJ sagði að logn hefði verið á mörkuðum þegar hópurinn hittist síðast en nú ríki aftur kaldir vindar. Hann nefndi að nýleg grein prófessors Wade í FT hefði haft neikvæð áhrif m.a. á FSA. Stjórnendur Landsbankans fara til London til að ræða við FSA. JFS dreifði ljósriti af frétt á TimesOnline 5. júlí sl. Brestir væru komnir í stöðu sparisjóðanna. Aðspurður um mögulega sameingingu Glitnis og Byrs svaraði hann að margt hefði verið rætt óformlega hjá sparisjóðunum en tíminn hefði verið illa nýttur.

TP lagði fram og las upp frumdrög að vinnuskjali um aðkallandi ákvarðanatöku stjórnvalda vegna hættu á fjármálaáfalli (SI-42334). Skjalið geymir stöðumat, helstu leiðir fyrir stjórnvöld og hugmynd um næstu skref. IF gerði nánar grein fyrir heimsókn bankastjóra seðlabanka Luxemborgar 4. júlí sl. en hann hélt fundi hér ásamt forstöðumanni hjá bankanum og framkvæmdastjóra bankaefirlits fjármálaefirlits Luxemborgar. IF sagði frá skilaboðum þessara manna og vísaði m.a. til bréfs bankastjórans til íslensku bankanna, dags. 30. júní sl.

JFJ fannst tónn skilaboðanna grimmur í ljósi þess að íslensku bankarnir hafa ekki brotið reglur ECB. Skilaboðin væru þau að „þið eruð ekki í klúbbnum og hann getur ákveðið það sem hann vill“. Málið er ECB mál en varðar síður fjármálaefirlit. IF bætti við að skírskotun í samkeppnislöggjöf ESB sé tilgangslaus að mati þessara manna. Hann upplýsti að í Noregi væri ætlunin að breyta reglum um innlánstryggingar til að erlendir aðilar geti ekki aflað innlána í skjóli þeirra.

BG spurði hvort bankarnir skilji alvarleik málsins. JFJ kvað það nokkuð mismunandi milli banka. Luxemborg vill beita afli til að losna við útlánaáhættuna vegna endurkeyþtra verðbréfa. TP sagði að stjórnendur bankanna geri sér grein fyrir stöðunni en þeim hefur ekki verið stillt upp við vegg af stjórnvöldum. Stjórnvöld hafa ekki gert upp við sig hversu langt þau vilja ganga.

BB sagði að nú væri meiri hætta á að allir stóru bankarnir þrír lendi í vanda. BG spurði hvort innlend hætta væri að aukast og hvað væri að valda því. TP nefndi að lánveitingar Seðlabankans sem einungis eru tryggðar með verðbréfum íslensku bankanna séu komnar í 266 ma. kr. Spurningin væri hversu langt vilja stjórnvöld að bankinn gangi í þessum lánveitingum. Of langur tími hefur liðið án þess að stjórnvöld hafi markað sér stefnu.

JFJ minnti á að áfallið gæti gerst á morgun. Þá þyrfti annað hvort að róa innstæðueigendur með yfirlýsingu eða láta allt fara í rúst. BG sagði að stilla þyrfti bönkunum upp við vegg ef þeir væru ekki að gera nóg til að bæta stöðuna. TP taldi að bankarnir ættu eftir að sýna viðunandi afkomu í hálfársuppgjörinu vegna verðbólgu og lækkunar gengis krónunnar. Samt gæti FME þurft að gera kröfur um aukið eigið fé. Ef núverandi eigendur geta ekki bætt við eigið fé verða þeir að hleypa öðrum að.

BG spurði hvort samruni Kaupþings og SPRON sé jákvæður. JFJ svaraði að það væri tvímælaust. FME vill sjá markaðslausn fyrir smærri aðila.

BB sagði að engin auðveld lausn væri til. Upphæðirnar eru gígantískar og erfitt að meta hvort t.d. skuldbinding um að tryggja 5 m.kr. innstæður hafi róandi áhrif eða ekki. Sama gildir um samtöl við bankastjórana. Ný staða væri komin upp eftir skilaboðin frá ECB með milligöngu seðlabankastjóra Luxemborgar. Öll skref eru áhættusöm en hann væri sammála þeim sjónarmiðum sem koma fram í fyrrnefndu vinnuskjali TP og athuga þyrfti hvort aðgerðahópur yrði settur af stað.

BG sagði að fyrst þyrfti að koma því til vitundar bankanna hver staðan sé og hvaða skorður ríkissjóður býr við. IF ítrekaði hversu mikilvægt það væri að ECB sjái að bankarnir bregðist við. Seðlabankar Luxemborgar og Noregs hafa jafnframt lýst yfir miklum áhyggjum að eigendum bankanna. Hann sagði að Seðlabankinn myndi fylgja málinu eftir og eiga áframhaldandi samtöl við bankana.

JFJ taldi að auka þurfi eigið fé bankanna og breyta eigendahópnum. Einnig þurfi að liggja fyrir drög að yfirlýsingu um innlánstryggingar.

BB varpaði fram þeirri hugmynd að Seðlabankinn og FME fylgi málum eftir við bankana í þessari viku en ráðherrar kæmu að málinu í næstu viku. BG hugleiddi hvort bíða mætti með seinna skrefið ef hið fyrra skiladi nægum árangri. BB taldi nauðsynlegt að stjórnvöld segi hvað þau hyggjast ekki gera, m.a. það að hjálpa ekki eigendum. JFJ nefndi að fundur með ráðherrum ætti að vera fámennur; 1-2 ráðherrar.

TP taldi að stjórnendur bankanna séu meðvitaðir um stöðuna, hafi velt fyrir sér öllum kostum en veigri sér við að taka erfiðar ákvarðanir. Þeir hafi engar töfalausnir til að endurgreiða seðlabanka Luxemborgar heldur sé hætt við að vandinn færist yfir á Seðlabanka Íslands. Spurning væri hvort hægt sé að takmarka áhættuna með því t.d. að Kaupþing flytji höfuðstöðvar sínar til útlanda og innlán í útibúum

Íslenskra banka erlendis verði færð yfir í dótturfélög. Að lokum minnti hann á tillöguna um skipun aðgerðarhóps með öflugum stjórnenda. BG lagði til að hugsað yrði til næsta fundar hver stjórnandi aðgerðahópsins gæti verið og hvert yrði hlutverk hópsins.

BB spurði hvar frumvarpsmíðin um breytingar á lagaákvæðum á fjármálamarkaði væri stödd. Viðskiptaráðuneytið og FME hafa verið að fara aftur yfir áður unnin drög. IF óskaði eftir því að meðlimir hópsins fengju að sjá drögin og sendi ÁÁ þau til hópsins í kjölfar fundarins.

2. Önnur mál

ÁÁ og JFJ ræddu um undirbúning nýrra lánaflokka Íbúðalánasjóðs. JFJ taldi af ýmsum ástæðum heppilegast að fjármögnun þegar veittra fasteignaveðlána yrði gerð með kaupum ÍLS á bréfum.”

Ég tel ekki ástæðu til þess að tiltaka frekar það sem segir í fundargerðum samráðshópsins frá þessum tíma en ítreka að ég tel þær staðfesta með óyggjandi hætti að í hópnum hafi verið ítarlega fjallað um undirbúning viðbragðsáætlunar sem og gerð lagafrumvarps til að styrkja heimildir Fjármálaeftirlitsins gagnvart aðilum á fjármálamarkaði og hafna því alfarið fullyrðingum rannsóknarnefndarinnar um hið gagnstæða.

Ég mun nú víkja að því sem fram kemur í bréfi nefndarinnar og haft er eftir starfsmanni samráðshópsins sem starfaði í Seðlabankanum um að:

„...bæði Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið hefðu reynt að kalla eftir því að mótuð yrði stefna um ákveðin atriði. Þar á meðal gat hann um minnisblað sem hann lagði fram 7. júlí 2008 um aðkallandi ákvarðanatöku stjórnvalda vegna hættu á fjármálaáfalli en sagði það hafa hlotið litla umræðu.“

Ég mótmæli þessari fullyrðingu algjörlega og tel hana rakalaus. Í þessu samhengi er rétt að hafa í huga það sem fram kemur hér að framan um undirbúning viðbragðsáætlunar sem var unnið að á vegum bæði Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins, að mínu frumkvæði sem formaður samráðshópsins. Vegna þessara tillagna höfðu bæði Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið allt frá því í mars 2008 verið með í gangi vinnu sem sneri að gerð viðbragðsáætlunar. Umrætt minnisblað frá 7. júlí 2008 er hluti af þessari vinnu sem samráðshópurinn hafði lagt drög að mörgum mánuðum áður.

Á þeim fundum samráðshópsins sem í hönd fóru í júlí og þar til yfir lauk í októberbyrjun snerust umræðurnar fyrst og fremst um inntak viðbragðsáætlunar og tengdra aðgerða. Var þannig mörkuð áfram viðbragðsáætlun stjórnvalda ef til fjármálaáfalls kæmi. Það er því fráleitt að halda því fram að þessi mál sem tengjast viðbragðsáætlun stjórnvalda hafi hlotið litla umræðu eða dræmar undirtektir í samráðshópnum. Staðreyndin er þvert á móti sú að öll þessi vinna reyndist mjög vel við frágang neyðarlaganna í októberbyrjun og aðgerða sem gripið var til samhliða gildistöku þeirra til að bregðast mjög hratt við falli bankanna og halda fjármálamarkaðnum og greiðsluferfum gangandi við afar erfiðar og fordæmalausar aðstæður. Hefði slíkt aldrei verið unnt nema einmitt vegna þeirrar ítarlegu undirbúningsvinnu sem hafði átt sér stað á vegum samráðshópsins. Í samræmi við allt framangreint verður vart annað ráðið en að sá undirliggjandi þráður í bréfi rannsóknarnefndarinnar um að samráðsnefndin hafi setið með hendur í skauti sér sé í beinni andstöðu við það sem staðreyndir málsins bera glögg með sér, svo sem áður tilvitnaðar fundargerðir og það að stjórnvöldum tókst að koma í veg fyrir algjöran glundroða við fall bankanna og fordæmalausar aðstæður.

Í bréfi rannsóknarnefndarinnar er jafnframt fjallað um hvernig staðið hafi verið að samráði og upplýsingamiðlun af minni hálfu til forsætisráðherra um störf samráðshópsins. Jafnframt er fjallað um hvernig hafi verið staðið að miðlun pólitískrar stefnumörkunar og afstöðu forsætisráðherra til þeirrar vinnu sem fór fram á vettvangi samráðshópsins til annarra fulltrúa í hópnum. Í bréfinu er sérstaklega tiltekið, og í því sambandi vísað til fyrrnefnds skjals sem lagt var fram af hálfu Seðlabankans á fundi hópsins 7. júlí 2008, að ekki verði ráðið að ég hafi:

„...á næstu fundum eftir að umrætt skjal var lagt fram 7. júlí 2008, og þar sem kallað var eftir að stjórnvöld þyrftu á næstu vikum að marka stefnu um viðbúnað stjórnvalda og hvernig ætti að standa að gerð viðbúnaðar- og aðgerðaáætlunar, gert samráðshópnum grein fyrir því hvernig forsætisráðherra teldi rétt að bregðast við þessum tillögum. Þá verður heldur ekki séð að þér sem stjórnandi hópsins hafið kallað eftir því að fulltrúar hinna ráðuneytanna í hópnum gengju eftir hver væri afstaða þeirra ráðherra og hún væri kynnt formlega innan hópsins.“

Af tilefni þessara ummæla er rétt að minna á það sem segir hér að framan um þetta tiltekna skjal, en það var hluti af þeirri vinnu sem samráðshópurinn hafði lagt drög að mörgum mánuðum áður, að mínu frumkvæði sem formaður hópsins. Virðist það því rífið úr samhengi í bréfi rannsóknarnefndarinnar. Á þeim fundum samráðshópsins sem í hönd fóru í júlí og þar til yfir lauk í októberbyrjun snerust umræðurnar einmitt fyrst og fremst um inntak viðbragðsáætlunar og tengdra aðgerða, sem fyrr segir. Var þannig mörkuð áfram viðbragðsáætlun stjórnvalda ef til fjármálaáfalls kæmi, sbr. einnig hér síðar.

Það er enn fremur rétt að leggja áherslu á að á fundum samráðshópsins talaði ég eðlilega sem fulltrúi forsætisráðherra og allar tillögur og ákvarðanir sem ég stóð að á vettvangi hópsins voru með sömu formerkjum. Ætla má að sama máli hafi gegnt um fulltrúa annarra ráðuneyta í samráðshópnum.

Ég tel að samráð mitt við forsætisráðherra um þau mál sem sneru sérstaklega að starfi samráðshópsins hafi verið í eðlilegum og réttum farvegi enda má segja að þetta starf og málefni banka og sparisjóða sérstaklega hafi verið þungamiðja efnahagsumræðunnar á Íslandi undanfarin ár, einkum þó á árinu 2008. Af því leiðir óhjákvæmilega að þessi mál bar á góma í nánast öllum okkar samskiptum um efnahagsmál og þau voru býsna tíð eins og liggur í eðli málsins. Var forsætisráðherra fullkunnugt um þá umræðu og vinnu sem átti sér stað innan samráðshópsins, enda var hún órjúfanlega tengd allri þeirri umræðu sem átti sér stað í tengslum við mögulegt fjármálaáfall.

Okkar samráð var ýmist í tveggja, þriggja manna tali eða í stærri hópi auk fjölmargra funda með utanaðkomandi aðilum á þessum tíma eins og fram kemur í gögnum frá forsætisráðuneytinu sem nefndin hefur undir höndum. Hér má nefna fjölmarga fundi með bankastjórum Seðlabanka, ráðherrum, forstjóra Fjármálaeftirlitsins, bankastjórum stóru bankanna þriggja auk samskipta við innlenda og erlenda fjölmiðla, ræðuflutnings innanlands og utan og funda með erlendum aðilum, jafnt leiðtogum erlendra ríkja sem bankamönnum o.fl. Það gefur auga leið að forsætisráðherra bæði hlaut og varð að vera mjög vel upplýstur um stöðu efnahagsmála almennt, og fjármálamarkaðarins sérstaklega, til þess að geta sinnt þeim fjölmörgu viðburðum sem voru á dagskrá allan þennan tíma. Auk þess er rétt að minna á að forsætisráðherra gegndi starfi fjármálaráðherra í meira en sjö ár þannig að hann bjó yfir yfirgripsmikilli þekkingu á helstu þáttum íslensks efnahagslífs.

Ég mun þá víkja að því hvort skort hafi á að samráðshópurinn hafi fengið nægjanlega skýra pólitíska stefnumörkun. Ekki verður séð af fram komnum tilvitnunum í fundargerðir samráðshópsins hér að ofan að skort hafi á pólitíska stefnumörkun hvað varðar gerð og undirbúning viðbragðsáætlunar.

Þannig segir t.d. í fundargerð frá 2. apríl 2008, svo sem fyrr var getið, en þar er fjallað um gerð aðgerðaáætlunar (mínar undirstrikanir):

„1. Aðgerðaráætlun

BB sagði í upphafi að tími væri kominn til að taka saman aðgerðaráætlun og draga mörkin. Hann sagðist skilja málið ráðherramegin þannig að taka ætti á:

- *stóru bönkunum þremur*
- *innlánstryggingum*

Rætt var nánar um þessar áherslur og þörfina á að setja sérstaka vinnu í gang. Ákveðið var að skipa tvo starfshópa. Annars vegar myndu Seðlabankinn og FME setja á blað trúverðuga sviðsmynd sem gæti falið í sér að einn af stóru bönkunum þremur lenti í vanda. Í samræmi við þá stöðu væru tilgreindar þær aðgerðir stjórnvalda sem helst kæmu til greina og þau skilyrði sem helst yrðu sett fyrir opinberum inngrípum. Hins vegar væri skipaður starfshópur sem greindi álitamál í innlánstryggingum og drægi upp tillögu að yfirlýsingu stjórnvalda sem grípa mætti til ef þörf er talin á. Rætt var um að Áslaugu Árnadóttur tæki að sér forystu í þessari vinnu og fengi til aðstoðar Jónas Þórðarson, Pál Þórhallsson og e.t.v. fulltrúa frá FME. BB spurði hversu hratt væri hægt að vinna verkið og var ákveðið að hefjast handa samdægurs og samráðshópurinn yrði látinn fylgjast með framvindu verksins.“

Það er enn frekar hnykkt á fyrrnefndri stefnumörkun í fundargerð 10. apríl 2008:

„2. Aðgerðaráætlun

2.1 Sviðsmyndir fjármálaáfalls

Vinnuskjal, dags. 10. apríl, var lagt fram og lesið yfir. Ábendingar komu fram um m.a. að draga saman lýsingarnar á áhrifum aðgerða og aðgerðaleysis, draga saman þau skilyrði sem stjórnvöld gætu sett og fjalla um þá möguleika sem kunna að vera á að slá skjaldborg um ákveðna þætti í starfsemi bankanna.

BB tók fram að viðfangsefnið væri staða þriggja stærstu bankanna sem kerfislega mikilvægra banka. Rökstuðning þarf fyrir því. BG bætti við að þrýsta þarf á bankana að bregðast við. JFJ upplýsti að FME er að taka saman yfirlit um bankana en utanaðkomandi aðilar geta aldrei séð öll þau úrræði sem þeim kann að nýtast.“

Í þessu samhengi er nauðsynlegt að víkja að þeim skoðanamun sem uppi var í hópnum og ég gat um í skýrslu minni til nefndarinnar og komið er inn á í fyrrnefndu bréfi hennar. Skoðanamunurinn sneri einkum að því hvort ríkisstjórnin ætti að gefa út yfirlýsingu um það hvort, hvenær og þá með hvaða hætti ríkissjóður myndi ábyrgjast innstæður í íslensku bönkunum. Ég kom því sjónarmiði forsætisráðherra skýrt á framfæri í nefndinni að mikilvægt væri að stíga varlega til jarðar í þessu efni þannig að ríkissjóður yrði ekki skuldbundinn til þess að taka á sig óhóflegar fjárhagslegar skuldbindingar og að ekki væri tímabært að koma fram með slíkar yfirlýsingar vorið eða sumarið 2008. Fyrir þessari skoðun voru ekki einungis hin fjárhagslegu rök sem sneru beint að ríkissjóði heldur einnig hitt að slík yfirlýsing gat einfaldlega valdið ófyrirséðum óróa á markaði og þannig haft þveröfug áhrif við það sem hugmyndin var um að slíkt myndi róa innstæðueigendur. Þessi afstaða breytti því ekki að ég taldi mikilvægt að slík stefnumörkun yrði undirbúin svo vel sem verða mátti þannig að til hennar mætti grípa með

skömmum fyrirvara. Í þessu skyni lagði ég til að viðskiptaráðuneytið, í samráði við Fjármálaeftirlitið, stillti upp útreikningum á kostnaði við mismunandi útfærslu slíkra innstæðutrygginga. Þessir útreikningar lágu fyrir um mitt ár og voru síðan uppfærðir reglulega í starfi samráðshópsins.

Fyrirnefnt atriði er eitt þeirra atriða (liður 2) sem fram koma á „Ólystuga matseðlinum“ svokallaða sem forstjóri Fjármálaeftirlitsins lagði fram á fundi hópsins 28. apríl 2008. Þar var líka nefnt til sögunnar að ákveða þyrfti heildarfjárhæð mögulegs eiginfjárstuðnings ríkisins við bankana (liður 3), skýr afstaða til þess hvaða aðilar skyldu njóta stuðnings og hverjir ekki (liður 4), hvaða skilyrði þyrftu að vera fyrir hendi til að fá stuðning (liður 5) og að hafa lagafrumvarp tilbúið (liður 6). Auk þess var þar velt upp hvort auka ætti möguleika fjármálafyrirtækja til að selja bréf til opinberra aðila (liður 1) og að velja þyrfti almannatengslafyrirtæki (liður 7).

Á fundi hópsins 21. maí 2008 er fjallað um þennan lista og eftirfarandi bókað í fundargerð:

„2. Möguleg ákvarðanatáka á undirbúningsstigi (Ólystugi matseðillinn)

BG varð að hverfa af fundi þegar komið var að þessum dagskrárlið og því var ákveðið að fresta umræðu um hann til næsta fundar. Samt var þess getið að fyrsti liðurinn á listanum væru heimildir til handa ÍLS og þau mál væru í farvegi. Varðandi sjötta lið listans þá væri frumvarp tilbúið í drögum sem hægt væri að leggja fram með sólarhrings fyrirvara.“

Aftur var fjallað um þennan aðgerðalista á fundi hópsins 29. maí og eftirfarandi bókað í fundargerð (mínar undirstrikanir):

„2. Möguleg ákvarðanatáka á undirbúningsstigi (Ólystugi matseðillinn)

Framhald var á umræðu síðasta fundar um spurningarnar fimm á listanum sem JFJ hafði lagt fram. Á þeim fundi hafði verið umræða um liði 1 og 6. JFJ taldi nauðsynlegt að fá afstöðu til spurninga 2, 4 og 5 til að undirbúa viðbrögð. JFJ sagðist staldra við 5 m.kr. viðmiðið í innlánum sem dekkar 95% innlána, sbr. skýrslu viðskiptaráðuneytisins, dags. 9. maí sl., um ábyrgð á innstæðum.

BG taldi að ekki væri hægt að hafa mótaða skoðun, allt væri háð aðstæðum. JFJ nefndi að stuttur tími gæfist til að bregðast við, sbr. Northern Rock og Bear Stearns. Tveggja sólarhringa fyrirvari væri lúxus og því væri nauðsynlegt að vera undirbúin. Spurningin væri um að einangra vandamál og koma í veg fyrir útbreiðslu skaðans.

ÁÁ benti á að í útreikningum skýrslunnar á upphæð ábyrgðar væri ekki tekið með í reikninginn að “top-up cover” kæmi væntanlega frá erlendum tryggingarsjóðum vegna innlána þar.

BG sagði að fráleitt væri að hægt sé að marka stefnu nú. JFJ sagði að það hefði tekið bresk stjórnvöld marga daga að átta sig á stöðunni og undirbúningur þeirra hefði reynst ónógur. Hver dagur í töf getur aukið skaðann verulega.

BB kvað meira talnaefni vanta. Gagnlegt væri að sjá hversu fjárhæðin breytist við mismunandi viðmið, hversu stór erlendu innlánin eru og hve mikið fé gæti komið frá erlendum tryggingarsjóðum. ÁÁ og JFJ ætla að taka það saman.

BB vildi einnig fá skriflega lýsingu á hugsanlegum smitáhrifum í áfalli. BG bætti við að einnig þurfi að koma fram plúsar og mínusar við aðgerðir. JFJ minnti á útreikninga Seðlabankans á mögulegum kostnaði við lausn fjármálaáfalls og hagvaxtartap en þeir útreikningar höfðu áður verið lagðir fram í samráðshópnum.

IF sagði að unnt ætti að vera að taka ákvörðun eftir að fyrir liggja umbeðnar upplýsingar frá ÁÁ og JFJ. BB bætti við beiðni sinni um að fá einnig hugleiðingar um smitáhrif fjármálaáfalls.

Varðandi spurningu 4 sagði IF að útreikningar á kerfislegu mikilvægi lægju fyrir og hefðu áður verið afhentir hópnunum. TP sagði kristaltært að stóru bankarnir þrír væru kerfislega mikilvægir sem og ímyndaráfall tengdra aðila. Beðið var um að umræddir útreikningar yrðu aftur sendir til fundarmanna.

IF spurði um framkvæmd varðandi viðskipti Íbúðalánasjóðs við lánastofnanir (sbr. spurningu 1 á listanum). BB sagði að ráðuneytissjóri félagsmálaráðuneytis væri með málið.

Á næstu níu fundum hópsins, frá 7. júlí til 9. september 2008, var ítrekað fjallað um þau atriði sem er að finna á þessum lista og á engum þessara funda voru gerðar athugasemdir við að pólitíska stefnumörkun vantaði í þessum efnunum.

Á 29. fundi hópsins 16. september 2008 var ljóst að staðan hafði þyngst verulega í kjölfar gjaldþrots Lehman Brothers daginn áður. Í ljósi þeirra ávirðinga sem koma fram í bréfi rannsóknarnefndarinnar er óhjákvæmilegt að birta fundargerðir samráðshópsins frá og með þessum tíma og þar til yfir lauk, þ.e. fundargerð nr. 29/16. september 2008, nr. 30/2. október 2008 og nr. 31/3. október 2008. Eins má ætla að þær geti gefið góða innsýn í stöðu mála þessa örlagaríku daga (mínar undirstrikanir):

„Samráðshópur forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlits og Seðlabanka Íslands um fjármálastöðugleika og viðbúnað

Nr. 29, 16. september 2008 kl. 12:00-13:30 í Seðlabanka Íslands

Mættir voru Bolli Þór Bollason, Baldur Guðlaugsson, Jónína S. Lárusdóttir, Jónas Fr. Jónsson, Ingimundur Friðriksson og Tryggvi Pálsson sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. **Stefna stjórnvalda og undirbúningur úrræða** (sbr. "Ólystugi matseðillinn" frá 25. apríl, "Aðkallandi ákvarðanataka ..." frá 7. júlí (SI- 42334), "Stefna stjórnvalda og viðlagaundibúningur" frá 15. ágúst (SI-42865) og vinna lögfræðingahópsins)
2. **Málefni Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta** (sbr. "Greiðslur úr innstæðudeild ..." frá 10. apríl og drög að yfirlýsingum)
3. **Fjármögnun bankanna** (nýjar upplýsingar um stöðu)
4. **Önnur mál**

1. Staða og horfur á fjármálamarkaði/Stefna stjórnvalda

Staða fjármálafyrirtækja

JFJ nefndi áhættu íslenskra banka vegna gjaldþrots Lehman. Áætlað endurheimtuhlutfall er 50-60% af því sem er í hættu. Rætt var um hvort eigi að birta heildartölur opinberlega. [Síðar birtist frétt Straums og FME.] Áhættan virðist vera 0,5-1,3% af eiginfjárgrunni stóru viðskiptabankanna en meiri hjá Straumi og Icebank. FME ætlar að kanna einnig stöðu lífeyrissjóðanna varðandi þessa tapshættu.

BBB nefndi áframhaldandi yfirtökur smærri banka í Danmörku og spurði hvort álíka fréttir væru víðar að. JFJ svaraði að yfirtökur héldu áfram í Bretlandi og Þýskalandi, sbr. Nationwide og Commerzbank/Dresdner Bank. Leitast er eftir aukinni hagræðingu.

BG gat um lækunarhrinu á mörkuðum í Evrópu í dag og velti fyrir sér hvað væri hægt að lesa í þetta og hvort vaxandi beygur væri í mönnum. JFJ sagði að um almenna áhættufælni væri að ræða. IF bætti við að AIG tryggingarrisinn væri tífandi tímasprengja. Lánshæfismat fyrirtækisins hefði verið lækkað í gær og sú aðstoð sem fyrir lá dugi skammt. JFJ kvað markaðsaðila spá því að fleiri fjármálafyrirtæki ættu eftir að komast í vanda.

BPB nefndi hraða lækkun íslensku krónunnar og nokkuð hægari lækkun úrvalsvísitölunnar. JFJ sagði veltuna vera minni. Fjárfestar fá háa vexti á sparifé og eru því tregari til kaupa á hlutabréfum og skuldabréfum. Miklu máli skipti vandi Eimskipafélagsins og gjaldþrot XL Leisure. Nokkuð útflæði hefði verið af Icesave reikningum um helgina en ekki verulegt og það hefur stöðvast á ný. Báðir bankarnir sem lánað hafa til Eimskips gætu að öðru óbreyttu þolað að tapa því öllu skv. álagsprófi.

IF minnti á að nú væri sagt „big is beautiful” en Barclays Bank hefði lækkað verulega í gær. Umhverfið væri síst betra nú.

Málefni Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta

BPB spurði hvernig staðan væri varðandi samskipti Landsbankans og FSA. JFJ upplýsti að stjórnendur FSA væru á fundi í dag um málið. IF minntist á útkomu skýrslu „Treasury Select Committee” sem ekki hefði valdið óróleika umfram það sem áður var. TP gat þess að hann hefði séð sjónvarpsviðtal við formann þingnefndarinnar kvöldið áður. Ekki hefði komið til tals sérstaða erlendra banka varðandi tryggingar innstæðna. Umræðan hveði verið um heimildir FSA og Bank of England, stefnan um hraðar útgreiðslur innstæðutrygginga og ástandið á fjármálamörkuðum.

BPB spurði um stöðuna varðandi hollenska seðlabankann. JFJ upplýsti að Kaupþing ætli ekki í átök við bankann en ætlar þó að reyna að sækja um leyfi fyrir útibúi frá dótturfélagi sínu í Luxemborg. BPB spurði um önnur lönd svo sem Austurríki. IF nefndi að yfirvöld allra þessara landa ræði saman. BG sagði að ef hollensk stjórnvöld geta samþykkt útibú frá dótturfélagi í Luxemborg gæti falist í því afstaða til mismunandi innlánstrygginga í Luxemborg og Íslandi og þá vantraust á okkar kerfi.

IF nefndi að FSA hafi ekki tilhlýðilegt samband við FME. JFJ sagði að þeir geti sagt að þeir hafi mótað innanhúss afstöðu. Landsbankinn hafi verið í beinu sambandi við FSA án milligöngu FME og þannig hafi mótast farvegurinn.

Ólystugi matseðillinn

BPB fór að beiðni forsætisráðherra yfir stöðuna með honum og utanríkisráðherra. Rætt var m.a. um viðbragðsáætlanir. Fyrst spurningin væri um hugsanlegar yfirlýsingar um vernd innstæðueigenda. Þrjár útgáfur liggja fyrir sem ganga mislangt. Reynt væri að átta sig á stærðargráðum. Ef miðað yrði við vernd innstæðna allt að 5 m.kr. þá væri verið að tryggja um 90% innstæðna. Ráðherrarnir væru helst að horfa á síðari kostina tvo, þ.e. meira en lágmarksvernd.

Farið hefði verið yfir hverjar væru viðbragðsáætlanirnar ef stór banki færi í greiðslubrot. Ráðherrarnir hafi báðir verið á þeirri skoðun að stjórnvöld kæmu helst að stuðningi við stærstu bankana þrjá. Líklegt væri að þeir kæmust allir í vanda ef það hendir einn þeirra.

Draga þyrfti upp útfærslur sem svör við „ólystuga matseðlinum”. Þetta þarf að vinna hratt því hætta hefur aukist í kjölfar atburða síðustu helgar. BPB spurði BG hversu langt „lögfræðingahópurinn” væri kominn. BG svaraði að hann ætlaði að fara að fylgjast betur með hópnum. Flækjurnar eru fjölmargar og óljóst með áhrif atburða á valkosti stjórnvalda. Fá þarf meiri upplýsingar um starfsemi bankanna. Spurning væri hvort gera þyrfti mun á innlendum og erlendum skuldbindingum. Getur verið að ríkið standi nú lítið betur en bankarnir á erlendum lánamörkuðum? Getum við staðið við þessar skuldbindingar þó við vildum það?

JFJ sagði það mikilvæga forsendu að fá ákvörðun um hvaða mörk ætti að miða við í innstæðuvernd, þ.e. 5 m.kr. frekar en allt. BG kvað nauðsynlegt að fara í gegnum þessi flækjustig. JFJ sagði ekki annars úrkosta en bjarga stóru bönkunum þremur. Ef ríkið þyrfti að yfirtaka banka gæti þurft að taka þá afstöðu að takmarka og fresta greiðslum.

IF sagði að setja þyrfti lagalega þáttinn á blað. BG sagði sjálfan textann vera aukaatriði en ná þyrfti utan um málið með því að teikna upp valkostina. JFJ lagði áherslu á mikilvægi góðs undirbúnings. BG sagði ekki tekna ákvörðun nú um fjárhæð aðstoðar.

BPB sagði að ráðherrarinn hefðu einnig rætt um hverjum ætti að bjarga. Ekki væri ætlunin að bjarga hluthöfum og ekki væri sjálfgefið að taka ætti tillit til allra skuldbindinga. Tímaröðin væri eftirfarandi: Fyrst yrðu að liggja fyrir drög að yfirlýsingum um innstæðuvernd og fleira. Þess mætti vænta að sama sólarhring gæti þurft drög að lagafrumvörpum um m.a. yfirtöku og aðkomu nýrra fjárfesta. E.t.v. gæfist lengri tími fyrir önnur atriði.

BG nefndi að ef eignir og skuldir yrðu færðar yfir á annan lögaðila væri auðveldara að skilja eftir ákveðnar skuldbindingar. JFJ bætti við að væntanlega þyrfti að færa niður kröfur og búast mætti við að hagsmunaaðilar færu í dómsmál. Taka þyrfti tillit til margra ákvæða svo sem „change of control“, ákvæða. BPB nefndi að eins og staðan væri nú finndust væntanlega ekki margir viljugir kaupendur.

TP spurði hvort „lögfræðihópurinn“, gæti útfært hvernig færa mætti eignir og skuldir yfir til nýs lögaðila og hvort ekki væri nauðsynlegt að fá ráðgjöf endurskoðenda. Einnig þyrfti að setja hópnum tímafrest. BG sagðist setja hópnum tímamörk. Hann hefði látið fulltrúa ráðuneytisins fá skjalið um sviðsmynd fjármálaáfalls. Sama sagðist JSL hafa gert fyrir sinn fulltrúa. JFJ velti fyrir sér hvort Lárus Finnbogason, frv. stjórnarformaður FME, gæti sem endurskoðandi verið hópnum til aðstoðar.

JFJ fór yfir „ölystuga matseðilinn“, frá 25. apríl sl. Liðir 5 og 6 tengjast viðfangsefni „lögfræðingahópsins“, þ.e. meginskilyrði fyrir eiginfjárstuðningi og texti lagafrumvarps um m.a. þynningu hluta, þvingaðan samruna og brúunarbanka.

Rætt var um eðli innstæðutryggingar, þ.e. föst mörk miðað við ákveðna tímasetningu eða ótímabundin. Reikna má með því að hvorutveggja geti valdið viðbrögðum innstæðueigenda sem geti hugsanlega aukið skuldbindingar ríkisins. Þetta þarf að hugsa og komast að niðurstöðu um tilhlýðilegt orðalag í drögum að yfirlýsingu um innstæðuvernd.

JFJ minnti á að ef Icesave innlánin verða færð yfir í dótturfélag þá yrði innstæðutryggingin viðráðanlegri fyrir stjórnvöld.

JSL spurði hvort ekki væri nauðsynlegt að ráðast aftur í útreikninga á fjárhæðum innstæðutrygginga m.t.t. hugsanlegra viðbragða. JFJ kvað FME kanna stöðuna aftur í næsta mánuði.

2. Önnur mál

Samningar um aðstoð við útgreiðslu

JSL lagði fram drög að samningum Tryggingarsjóðs við annars vegar Seðlabanka Íslands og hins vegar FME um aðstoð ef til útgreiðslu kemur úr sjóðnum. Miðað er við að hvor stofnun leggi sjóðnum til allt að fimm starfsmenn.

Víðtækari heimildir fyrir FME

JSL nefndi að hafin væri að nýju vinna að auknum heimildum FME en unnið var að þessu verki síðast árið 2006.

Fjármögnun bankanna

TP dreifði kynningarefni frá Seðlabankanum um fjármögnun bankanna, dags. 16. sept. sl.

Niðurstaða fundarins:

1. BG hottar á „lögfræðingahópinn“, og setur honum tímamörk
2. JFJ uppfærir tölur um innstæðutryggingar
3. JSL listar upp álitamál vegna innstæðutrygginga
4. JFJ lætur Rúnar kanna hvernig staðið var að yfirtökunni á Roskilde Bank.

Á næsta fundi samráðshópsins sem var nr. 30 í röðinni og haldinn 2. október 2008 var eftirfarandi bókað í fundargerð:

„Mættir voru Bolli Þór Bollason, Baldur Guðlaugsson, Jónína S. Lárusdóttir, Jónas Fr. Jónsson, Ingimundur Friðriksson og Tryggvi Pálsson. Guðrún Ögmundsdóttir ritaði fundargerð.

1. Staða og horfur

TP gerir grein fyrir því að Kaupþing hafi óskað eftir láni gegn veði sem bankastjórn hafi tekið ákvörðun um að hafna að undanskilinni fyrirgreiðslu vegna endurgreiðslu erlendra lána Sparisjóðs Mýrarsýslu. Guðni Aðalsteinsson hjá Kaupþingi hafi í tölvuskeyti upplýst að þeir kynnu að hætta framlengingum á gjaldeyrisskiptasamningum við lífeyrissjóði. Lífeyrissjóðir þurfi þá annað hvort að kaupa gjaldeyri eða selja erlendar eignir. Upp hafi komið sú hugmynd að ríkissjóður eða Seðlabankinn kaupði af lífeyrissjóðum erlendar eignir þeirra gegn verðtrygðum bréfum. Það væri gert til að styrkja gjaldeyrisskiptasamninginn.

BG spyr hvort miklar hreyfingar hafi verið á erlendum innlánnum. TP segir það hafa róast frá í gær en hætt væri við að útstreymi gæti aukist á næstunni. JL spyr um hreyfingar innlána innanlands, hvort til séu upplýsingar um það. TP segir Seðlabankann sjá að meira útstreymi sé af seðlum. BG nefnir hvort verið geti að fólk sé að taka út úr verðbréfasjóðum. IF segir 25 ma.kr. hafa farið úr sjóði 9 í Glitni í gær. BÞB spyr hvort einhvers staðar hafi verið innstreymi. Öbbinn hefur farið inn á innlánsreikninga í Glitni og aðra sjóði (sjóð 5).

BG nefnir hugmynd sem hafi vaknað en tekur fram að sé algjörlega á hugmyndastigi og ekki rædd öðruvísi. Hugmyndin snýr að aðkomu lífeyrissjóðanna að Glitni. Matsfyrirtæki telji m.a. að ríkið hafi færst of mikið í fang og viðkvæmt hvernig hlut ríkisins í Glitni verði ráðstafað. BG nefnir hvort hægt væri að sjá fyrir sér að lífeyrissjóðir komi inn með ríkinu sem hluthafar og borgi fyrir í gjaldeyri. Skilyrði fyrir því hljóti að vera að taka þátt í að fleyta bankanum áfram. Annað hvort væri hægt að hugsa sér að lífeyrissjóðir kaupði hluta af ríkinu eða komi inn sem nýjir hluthafar og auki enn við hlutafé. Þetta sé þó ekki hugmynd sem eigi að fara ræða útfærslur á að svo komnu máli.

JSL óskar eftir að bókuð sé athugasemd við það að viðskiptaráðuneytið hafi ekki verið kallað til og átt hlut að ákvörðunum um sl. helgi varðandi mál Glitnis. BÞB segir samráðshópin ekkert hafa komið að því máli sem slíkur og ekki verið kallaður saman. Seðlabankastjóri hafi átt samtöl við forsætisráðuneyti frá á laugardag. Á sunnudag hafi verið fundur og þá hafi verið búið að hafa samband við utanríkisráðherra. Ingibjörg Sólrún hafi boðað Össur Skarphéðinsson í sinn stað og hann hafi setið fundinn. Ráðuneytisstjórn hafi komið að málinu en ekki sem fulltrúar í samráðshópi.

JFrJ segir frá því að tekið hafi verið saman í vor hvað lífeyrissjóðir gætu komið með mikið inn í hvern banka áður en þeir færu fram úr leyfilegum heimildum. Hægt væri að taka það saman á ný.

TP bendir á að ef lífeyrissjóðir missi skiptasamninga gæti skapast aukið tilefni til að ríkið kaupði erlendar eignir lífeyrissjóðanna en eyrnarmerki það fé ekki sérstakri stofnun. Ríkið ákveði svo hvort það vilji taka Glitni yfir að fullu eða hætta við að taka bankann yfir og nota peningana í annað.

Jónína segir að ef ríkið hætti við Glitni þá rúlli allt en TP segir að það sé hvort sem er allt að rúlla. Sú aðgerð að nýta eignir lífeyrissjóðanna eigi frekar eftir að vekja traust þar sem gjaldeyrisskiptasamningurinn eflist stórlega. Frekar yrði hægt að fá undanþágu frá fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðanna ef verið væri að kaupa ríkisbréf en ekki hlutabréf í einu fyrirtæki.

BÞB skýrir frá því að Grétar Þorsteinsson hafi óskað eftir fundi með Geir H. Haarde í gær. Grétar ásamt varaforseta ASÍ hafi fundað með Geir ásamt Össuri sem hafi verið boðaður í stað utanríkisráðherra. Þessi mál voru rædd meðal annarra. Sú hugmynd kom fram að fyrra bragði frá Grétari að lífeyrissjóðir taki þátt í lausn vandans. Það yrði þó að fela í sér aðkomu LSR líka og búa þannig um að félagsmenn upplifi ekki að verið sé að hætta lífeyrissparnaði þeirra. Því virðist of áhættusamt að lífeyrissjóðirnir komi með beinum hætti inn í Glitni. Önnur hugmynd hafi verið að fara í gegnum Íbúðarlánasjóð en sú aðferð sé að öllum líkindum seinlegri. TP bætir við að það að Kaupþing hyggist segja upp skiptasamningum séu enn frekari rök fyrir aðkomu lífeyrissjóðanna.

BG segist vita af því að sumir lífeyrissjóðir séu opnir fyrir að koma inn í Glitni, en þó sé það kannski frekar þeir sem stjórna frá degi til dags. Gætu komið inn á gjaldeyrismarkað en það sé þó skammtímalausn.

IF segir þetta í raun vera akademískar spurningar þar sem ekki sé einu sinni víst hvort við lifum til helgar. TP skýrir frá því að skuldtryggingarálag ríkisins sé komið yfir 1000 punkta, ekki sé lengur kvót á bankana, verið sé að loka línunum og ekki líkur á öðru en að láns hæfismat verði lækkað enn frekar.

IF sagði hafa komið fram á símafundi með Moody's í morgun að þar sem láns hæfiseinkunn Moody's sé sú næsthæsta sé Moody's "... being ridiculed in the market". Spurt hafi verið á fundinum hvort ríkið ætli að taka á sig skuldbindingar bankakerfisins. Láns hæfiseinkunn ríkisins nú byggir á því að ríkið taki ekki á sig of miklar skuldbindingar. Spurningin hafi verið hvort ríkið taki á sig skuldbindingar bankakerfisins og setji sig um leið í þrot. BPB sagðist hafa tekið fram að það væri alveg öruggt að ríkið muni passa upp á efnahagsreikning sinn. IF sagði Moody's hafa sagt að aðgerðir sl. helgar hafi ekki komið Moody's algjörlega á óvart en þeir búist við að ríkið leggi sig fram um að verja sparnað fólks. Á fundinum var Moody's greint frá því að verið væri að fara yfir öll möguleg viðbrögð hér og allir kostir í stöðunni skoðaðir.

BG spurði hvort farið væri að þrengja að hinum bönkunum tveimur. TP benti á að Kaupþing hefði verið með beiðni um veðlán í gær og IF tók fram að það hafi ekki verið fyrir sérstökum greiðslum en stíflur séu í greiðslukerfum alls staðar. JL spurði hvort stórir gjalddagar væru framundan hjá Kaupþingi en TP benti á að eins og komið hefði í ljós með Glitni þá kæmi höggið áður en kæmi að gjalddögum. Vandamálið lægi ekki bara í samningbundnum endurgreiðslum.

BPB spurði hvernig samtöl við erlenda lánardrottna Glitnis hafi gengið og TP segir þau gefa litla von, lánardrottinnar vilji fá greiðslu strax. Um sé að ræða um 525 m. Evra. BPB spyr hvort Seðlabankinn taki þátt í viðræðum við lánardrottna. TP segir Sturlu Pálsson hafa ætlað að eiga nokkur samtöl með leyfi Glitnis. Í raun hafi aðkoma ríkisins að Glitni virkað þveröfugt við það sem ætlað var. Menn hafi trúað bönkunum í síðustu viku um að þeir ættu lausafé. Um leið og keðjuverkunin hefst þá hverfur lánstraust og láns hæfi. Moody's vildi í morgun ræða lánstraust fyrirtækja líka, ekki bara ríkisins og banka.

TP nefnir þau yfirlit sem Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið eru að vinna. Í gær var ákveðið að vinna áfram þær tillögur sem fram voru komnar; Seðlabankinn ætlaði að fara yfir ábyrgðaryfirlýsingu innlána (írsku leiðina) og yfirtöku ríkisins á ákveðnum illseljanlegum/slæmum eignum (sænska leiðin). TP fer yfir skjal sem unnið var í Seðlabankanum í gær og morgun og tekur fram að það sé á engan hátt fullgert. JFrJ segir enn verið að vinna svonefnda útibúaleið í FME og hann geti því ekki kynnt þá vinnu enn sem komið er.

BPB nefnir punktinn um fjármögnun frá IMF og spyr hvaða upphæðir sé verið að ræða og hvað felist í því ferli. IF segir erfitt að segja hvað er á ferðinni þar, líklega á annan ma. USD en þá verði slík aðstoð í lánaprógrammi með þeim skilyrðum sem því fylgja. (IF vitnar í seðlabankastjóra sem hafði kallað þessa leið "the kiss of death") en við erum kannski komin í þá stöðu hvort sem er. TP bendir á að rétt sé að líta á þær stærðargráður sem verið sé að ræða. Gætum kannski fengið á annan ma. USD frá IMF og gjaldeyrissjóður og erlendar eignir lífeyrissjóða séu kannski um 1 ma.evra, en þá þarf að velta fyrir sér í hvað eigi að nota þá peninga.

IF segir ef á annað borð sé vilji að ræða um "the kiss of death" aðferðina þá auki það í raun trúverðugleika út á við. BG spyr hvort það geti ekki einmitt kallað yfir okkur það sem við séum að reyna að forðast. IF bendir á að staðan hafi verið sú í síðustu viku en nú sé staðan önnur. JFrJ spyr hversu lengi taki að fá slíka aðstoð frá IMF og IF svarar því til að það taki nokkurn tíma og feli í sér að sendinefnd komi til landsins sem fari t.d. í gegnum öll ríkisfjármál.

BG nefnir að það þurfi að hafa í huga hvað eigi að nota peningana í. BPB segir að við eigum eiginlega við að etja "Catch 22".

JFrJ segir frá nýju úlagsprófi á lausafjárstöðu þar sem bankarnir virðast hafa þrjár vikur til stefnu miðað við mjög strangar forsendur.

BG: segja má að það hafi verið “rational” fyrir að fara í Glitni að verja þó einn banka.

Innlán og málefni Tryggingarsjóðs

JSL segir miklar fyrirspurnir berast vegna Tryggingarsjóðs innstæðueigenda, hringingar í Seðlabankann og ráðuneyti. Stjórn Tryggingarsjóðs hafi fundað í gær og rætt um kvartanir sem berist um að ekki liggi fyrir nægilega skýrar og jafnvel misvísandi upplýsingar. Spurt hefur verið um hversu mikið sé í sjóðnum og þá sé óhjákvæmileg næsta spurning.

JSL segist hafa áhyggjur af því að innlánaflótti bresti á. Íslendingar séu mikið farnir að hringja í Tryggingarsjóð. Sumir hafa tekið eftir hversu lítið er til í sjóðnum. JSL saknar þess að hafa ekki betri gögn um innlánaþreifyngingur á Íslandi, geta bara byggt á tilfinningu vegna símhringinga. JSL spyr JFrJ hvort FME hafi upplýsingar um innstæður hér heima.

BG segir þetta samt vera þannig hér á Íslandi að ef innstæður séu að dreifast á banka þá sé það ekki sama eðlis og þegar verður innlánaflótti hjá einum banka.

JFrJ segir innlán vera að aukast í Byr.

JSL segir frá umfjöllun í stjórn Tryggingarsjóðs í gær. Fundað var um upplýsingagjöf og stefnu. Samþykkt var að senda ríkisstjórn bréf þar sem óskað er eftir um afstöðu til hversu víðtæk ábyrgð ríkisins sé vegna Tryggingarsjóðs. JSL les upp bréf sem sent var. Segir það myndi hjálpa gríðarlega ef einhver yfirlýsing um ábyrgð á lágmarks greiðslu frá ríkinu væri til staðar. Hún sagði spurningar og svör hafa verið undirbúin á svipaðan hátt og í Bretlandi, hins vegar væri auðvitað ekki hægt að svara öllu. JSL dreifði listanum. Miklar umræður hafa verið í stjórn Tryggingarsjóðs um gríðarlegt mikilvægi þess að einhver afstaða komi frá stjórnvöldum. Segir það ekki þurfa að vera yfirlýsingu frá ríkinu, frekar að eitthvað komi frá ríkinu sem Tryggingarsjóður geti byggt sín svör á. Yfirlýsing frá ríkinu gæti þvert á móti borið vott um örvæntingu.

JFrJ segir útreikninga frá í sumar sýna að upphæð sem væri ábyrgst væri 722 ma.kr. en sú upphæð hefur hækkað þar sem miðað var við 2 m.kr. BG segist hafa haldið að um væri að ræða ósk um ábyrgðaryfirlýsingu frá ríkinu en JSL segir strax gott að fá svarbréf frá ríkinu, sem sjóðurinn geti byggt á. JSL segir Tryggingarsjóð helst vilja fá slíkt bréf í dag. JSL kvaðst munu gera drög að slíku svarbréfi.

IF óskar eftir að afrit af slíku svarbréfi frá ríkisstjórn verði sent til Seðlabankans.

Boðun hluthafafundar Glitnis

[Sigríður Logadóttir kemur inn á fund]

BG upplýsti um samskipti við Glitni vegna hluthafafundar. Upphaflega var reynt að fá fund boðaðan á fimmtudag í næstu viku en það hafi mætt mikilli mótstöðu og endað með fundarboði laugardaginn 11. september í Háskólabíói. Þetta mál flækist verulega vegna þess að skv. samþykktum Glitnis þurfi tillaga um stjórnarmenn að liggja fyrir fimm virkum dögum fyrir hluthafafund. Það hafi verið talin lausn að hafa tvo hluthafafundi en Glitnismenn hafi viljað klára allt á sama fundi. Kosning nýrrar stjórnar verður því að vera á dagskránni. Ríkið sem er ekki orðið hluthafi fyrir fundinn þyrfti þá að senda tillögu að stjórnarmönnum sem taki gildi, ef fyrri tillaga um hlutafjárframlag ríkisins verði samþykkt. Þar sem fundurinn er á laugardegi þá verður ríkið ekki hluthafi strax jafnvel þótt það verði samþykkt á fundinum og hefur því ekki atkvæðisrétt þegar kosið er um stjórnarmenn skv. síðari tillögunni. Þetta sé ómöguleg staða. Niðurstaðan sé í raun sú að það verði að vera hreinar línur, ríkið verði að vera orðinn hluthafi áður en ný stjórn er kjörin.

Hann segir Glitni nú einnig hafa óskað eftir skriflegri yfirlýsingu frá ríkinu um að það telji sig bundið af tilboði sínu um hlutafjárframlag [þetta er vegna uppgjörsvinnu og mati á eiginfjárstöðu Glitnis 30. september sl.]. TP bendir á að stjórnvöld hafi enn ekki mótað stefnu sína og séu e.t.v. ekki bundin vegna breyttra forsenda.

IF spyr hvort Árni Tómasson sem hafi verið skipaður tilsjónarmaður í Glitni sé með skýrt mandate, hvort hann hafi neitunarvald. JFrJ segir ekki hafa verið gengið svo langt en hann sitji alla fundi og megi sjá allt.

Að lokum

JFrJ segir FME muni klára að vinna yfirlit um svokallaða útibúaleið.

IF varar við því að það þurfi að vera viðbúið nú á hverri stundu að komið sé að ögurstundu. Við séum minnug þess að mat Moody's byggi á að ríkið taki ekki að sér bankakerfið.

JFrJ segir í versta falli þá verji ríkið bankann sem það eigi þegar IF segir mikilvægt að halda greiðslukerfum í landinu gangandi og viðskiptum við útlönd, verja innstæður.

Á næsta og síðasta fundi samráðshópsins sem var nr. 31 í röðinni og haldinn 3. október 2008 var eftirfarandi bókað í fundargerð:

„Samráðshópur forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlits og Seðlabanka Íslands um fjármálastöðugleika og viðbúnað

Nr. 31, 3. október 2008 kl. 17:30-19:50 í Seðlabanka Íslands

Mættir voru Bolli Þór Bollason, Baldur Guðlaugsson, Jónína S. Lárusdóttir, Jónas Fr. Jónsson, Ingimundur Friðriksson og Tryggvi Pálsson. Guðrún Ögmundsdóttir ritaði fundargerð.

1. Útstreymi seðla á Íslandi

[IF segir frá því að JFrJ muni seinka.]

BÞB segir í upphafi fundar að á mánudagsmorgun sl. var von um að við gætum haldið þremur bönkum, nú er spurning hvort við getum haldið einum. IF tekur undir þetta og segir geti stefnt í það. Traust er að rýrna hér á landi. Hraðferð með seðla á leið norður nú.

BÞB spyr hvort það séu meira en hundruð milljónir sem hafi farið út í dag. TP segir að á venjulegum föstudegi fari um 200 milljónir út í seðlum. Í dag vel yfir 3 ma.kr. [skv. upplýsingum sem bárust eftir lokun þá fóru í dag yfir 5 ma.kr.]. Skv. Má Mássyni í Glitni þá er þegar hafið bankaáhlaup og ekki aðeins í Glitni. Í Seðlabankanum hefur verið hætt að eyða seðlum, birgðir voru til staðar til að grípa til, en ef hnökror verða í kortanotkun þá þarf mun meira af seðlum. Þegar hefur verið send fyrirspurn út um prentun. Það tekur tíma.

BG spyr hvað sé helst að framkalla þessi viðbrögð. IF svarar að það séu fréttir, yfirlýsingar manna í dag o.fl.

JL segir að ráðuneytið hafi merkt mun varðandi fyrirspurnir varðandi Tryggingarsjóð og segir að mun meira hafi verið hringt eftir hádegi. Hún spyr hvort einhverjar mælingar séu á því hvernig hreyfingar séu hjá bönkunum hér á landi. TP fer yfir helstu niðurstöður úr samtölum við þjónustuver bankanna þar sem fram hefur komið að vikan hafi farið hægt af stað en nú sé í raun hafið bankaáhlaup.

TP segir að ákveðið hafi verið að halda seðlageymslu SÍ opinni meðan enn væru einhver útibú opin.

BG spyr um fréttir af lokunum erlendra viðskipta. TP svarar því til að vitað sé af lokunum erlendra lánalína. Enginn sé tilbúinn til þess að taka áhættu gagnvart íslensku bönkunum í greiðslukerfum. Einnig sé augljóst af skilmálum á skuldatryggingum á íslensku bankana að verið sé að reikna með að skuldabréfaeigendur muni ekki fá nema um 40% endurgreitt og óskað eftir að fá borgað fyrirfram fyrir vernd. Skuldatrygging fyrir ríkið gerir ráð fyrir að greitt sé 17% fyrirfram (sjá blað sem dreift á fundi).

[JFrJ kemur á fund 18.05]

2. Erindi FSA vegna Kaupþings (Singer & Friedlander)

BÞB upplýsir um aðdraganda að erindi FSA vegna Kaupþings. FSA hafi verið í Singer&Friedlander undanfarna daga og hafi sagt að bankinn þyrfti að greiða inn 80 m.GBP. Fjármálaráðherra Bretlands hafi haft samband við Geir Haarde og sagt að Kaupþing þyrfti að greiða 600 m.GBP í dag eða í síðasta lagi fyrir mánudagsmorgunn, annars opni Kaupþing ekki á mánudag.

BG segist hafa heyrt frá JFrJ að 1,6 ma.GBP vanti upp á. JFrJ segist hafa heyrt í gær frá FSA vegna fyrirspurna um lausafjárstöðu Kaupþings. JFrJ talaði við Hreiðar í dag, sem segir þau vera í ágætum málum. FSA óskar svo eftir símafundi við FME þar sem þeir bera upp erindi um að Kaupþing hafi ekki fylgt reglum þeirra um nokkurn tíma (ekki fylgt previous agreements). Um sé að ræða 1,6 ma.GBP. FSA segist ekki vera að gera nýjar kröfur og Kaupþing þurfi að greiða þessa upphæð fyrir mánuðagskvöld.

Hreiðar og Sigurður komu af fjöllum og töldu um misskilning að ræða. JFrJ segist þá hafa sagt þeim að kanna þetta mál og hvaða samkomulag S&F hafi gert sem FSA telji að sé verið að brjóta. JFrJ óskaði einnig eftir erindinu skriflega frá FSA í tölvupósti ásamt staðfestingu á upphæðum sem um væri að ræða.

JFrJ sagði að í samtali við Ármann hafi verið talað um 80 mGBP en hann hafi hugsanlega getað komist upp í 1 ma.GBP. Hreiðar hafði verið á fundi með FSA og sagt að ekkert hefði komið þar fram í þessa veru.

JFrJ segir greinilega miklar áhyggjur af Íslandi innan FSA og vel sé fylgst með fréttum héðan, fyrirspurn hafi borist eftirlitinu áðan um hvort hafið væri bankaáhlaup á Íslandi.

TP greindi frá því að Nigel Jenkinson hafi hringt og eins og JFrJ greindi frá, sagði þetta mál á milli eftirlitanna. Hann nefndi að 1 ma.GBP þyrfti að koma yfir einhvern tíma en 79 m.GBP í dag. Eftirlitsaðilar muni grípa til aðgerða ef þessar upphæðir berist ekki. TP segir líkur vera á að um sé að ræða 'ring-fencing'. Nú sé slagur milli þjóða um hvar peningurinn verði ef til gjaldþrots kemur. Vænta líklega gjaldþrots á næstu dögum. Spurningin er hvort ríkissjóður vilji taka á sig skuldbindingar til að mæta ríkissjóð Breta.

JL segir frá því að sams konar erindi hafi borist ráðuneytinu vegna málsins.

JFrJ segir mjög skrítið að ekki virðist vera á hreinu hver krafan sé.

TP hefur eftir Nigel Jenkinson að þar séu menn í "crisis mode" og um sé að ræða Landsbankann, Kaupþing og nokkra fleiri banka.

IF spyr hver ástæðan sé fyrir því að Darling hafi hringt í Geir. BÞB segir Darling hafa sagt að málið sé það alvarlegt að hann hafi talið óhjákvæmilegt að hafa samband við forsætisráðherra.

JL sagði Clive Maxwell einnig hafa haft samband og sagði breska ráðherrann tilbúinn til viðræðna um málið.

BÞB segir augljóst að einhvers staðar sé upplýsingabrestur. JFrJ segir að vonandi verði FSA búin að senda nánari upplýsingar í kvöld. Annars þurfi Kaupþingsmenn að leita að hvað um sé að ræða og taka saman e-s konar svar. JFrJ segist vera búinn að biðja Kaupþingsmenn að taka eitthvað saman til að senda FSA. Þeir þurfi að vera mjög vissir í sinni sök um að um misskilning sé að ræða.

BG spyr hvort um mismunandi túlkun á reglum sé að ræða. JFrJ segir að lausafjárreglur séu mjög almennar en hins vegar sé um að ræða eitthvað sem heiti „behavioral adjustment“.

IF spyr hvað sé að fréttu af Landsbankanum. JFrJ segir þá hafa greitt 10% inn á reikning hjá Barclays. Þeir hafi ætlað að biðja fram að helgi með að svara FSA.

BG spyr um úttektir í Bretlandi. JFrJ segir að um úttektir sé að ræða af Icesave reikningum en hins vegar sé reikningum að fjölga. TP segir mikla hreyfingu vera á milli reikninga og yfirlýsing um hærri tryggingarupphæðir hafi haft áhrif.

3. Næstu skref

BÞB segir það væntanlega almenna tilfinningu að við höfum þessa helgi. IF tekur undir það að sú sé mjög sterklega tilfinningin í Seðlabankanum. JFrJ tekur undir það.

BPB segir í raun sma hvernig fer með Kaupþing eða aðra þá muni markaðir bregðast mjög illa við á mánudag ef engar fréttir verði. JFrJ segir sárlega vanta góðar fréttir. IF segir að hægt sé að taka undir með Beat Siegentaler um að markaðir muni bregðast illa við á mánudag.

JFrJ segir frá því að Bandaríkjaþing hafi loks samþykkt björgunarsjóð. BG spyr hvort það hafi nokkur áhrif lengur. JFrJ segir það þó eyða ákveðinni óvissu.

BPB segir frá stuttum fundi með lífeyrissjóðum í hádeginu. Viðbrögð hafi verið jákvæð en tekið fram að tæknilegar útfærslur og félagsleg atriði gætu gert það að verkum að kannski yrði ekki hægt að hessa þetta af um helgina. Lífeyrissjóðirnir munu funda á morgun, stjórnarmenn þurfi allir að vita af þessu og samþykkja. Geir og Óssur áttu einnig fund með ASÍ og SA. Þar kom það sjónarmið enn frekar fram að aðgerðir þyrftu taka tillit til félagslegra þátta. Þetta mun því taka tíma. Fundir verða um helgina en yfirlýsing verði gefin út fyrir opnun markaða á mánudagsmorgun. Það sé hið besta mál en mun ekki leysa vanda bankanna.

JFrJ sagði menn vera að spurja um þá lausafjáraðstoð sem Tryggvi Þór Herbertsson hafi verið að tala um. Á mánudaginn verði beðið eftir því.

BPB hafði ekki séð þá frétt, aðeins hafi verið talað um aðgerð en ekki lausafé. Það hljóti að hafa verið mistúlkað. Það eina sem sé í pípunum sé aðgerðin í sambandi við erlendar eignir lífeyrissjóðanna.

BG segir að upphaflega hugmyndin með lífeyrissjóðina hafi verið að þeir væru tilbúnir að taka þátt á viðskiptalegum forsendum þar sem þetta væri hagstætt fyrir þá. Honum skiljist hins vegar á ASÍ að þetta þurfi að vera hluti að af stærri pakka efnahagsaðgerða og jafnvel kjaramála. Það mun taka langan tíma. Staðan hjá bönkunum muni ekki breytast þó tilkynnt verði að ríkið muni fá einhvern gjalddeyri inn í landið.

4. Glitnir

TP spyr hvort fundinn verði forsendubrestur í samningi við Glitni. Láta svo alla bankana vera á sömu forsendum, tryggja innstæður. Spurningin væri hvort ríkið gæti sett sitt í Glitni og komist í gegnum það. JFrJ leggur áherslu á afleiðingarnar ef ríkið hættir við. Allt muni rúlla. TP segir skiptastjóra muni koma inn í þrotabú að einhverju leyti.

BG segir vera uppi erfiða stöðu vegna Glitnis. Búið sé að stíga skref og ef það yrði stigið til baka þyrfti að undirbyggja það. Hluthafar muni telja að ríkið hafi sett bankann í þrot. Það þýði hundruð milljóna í skaðabótamál. Spurning sé hvort um brostnar forsendur sé að ræða ef í ljós komi að staða bankans sé verri en talið var. Þá mætti hins vegar alltaf segja að FME hafi ekki staðið sig.

JFrJ segir að FME hafi skoðað veð og staðan virðist ekki slæm.

TP segir að ef Glitnir fari í greiðsluþrot á mánudag þá verði væntanlega ekki um að ræða hlutafjársfund og hlutafjárauðningu. JFrJ minnir á að það muni hafa gífurlegar pólitískar afleiðingar er ríkið dragi sig til baka þegar það hafi lýst öðru yfir. TP segir að þetta þurfi að ákveða um helgina.

JFrJ segir að það mætti hugsa sér lækun lánshæfismats sem forsendubrest. TP nefnir að miklu meiri lausafjárþörf gæti verið forsendubrestur. BG segir að ekki sé hægt að tala um brostnar forsendur vegna lækkunar lánshæfismats ef það er til komið vegna inngrips ríkisins. BG segir að ef Glitnir fari á hliðina næstu daga þá verði ekki spurning hvort um forsendubrest að ræða eða ekki. JFrJ segir annað mál ef atburðarrás leiði til þess að Glitnir verði gjaldþrota heldur en að ríkið lýsi því yfir að það dragi sig til baka.

TP segir að ef Landsbanki og Kaupþing verði gjaldþrota í næstu viku þá sé spurning hver staða Glitnis eigi að vera. Ef ríkið heldur skuldbindingum við Glitni þá er verið að gera upp á milli hluthafa og skuldabréfaeigenda bankanna. BPB segir það hafa verið ljóst upphaflega að þótt tilviljun að það hafi verið Glitnir sem var fyrstur þá voru rökin að halda einum starfhæfum.

IF spyr hvar við stöndum á mánudagsmorgun. Kaupþing verði gjaldþrota.

BG segir að hingað til hafi alltaf verið rætt að grípa inn í áður en banki fari í þrot, svo hann verði áfram starfhæfur. Kannski þurfi að láta bankana fara alla leið í þrot áður en gripið er inn. JFrJ segir að banki sem sé going-concern sé alltaf verðmætari. BG bendir hins vegar á að einungis sé verið að tala um innlenda bankastarfsemi og því sé það ekki atriði.

JFrJ segir að hugsa þurfi sig mjög alvarlega um áður en ákveðið að snúa til baka úr Glitnismáli. Það sé jafnvel auðveldara að eiga við vandann ef Glitnir er til staðar til að taka yfir rest. Glitnir er einfaldasti bankinn að uppbyggingu af þeim þremur stærstu. Glitnir á BN banka sem sagður er solid og ætti að vera hægt að selja auðveldlega, starfsemi í Finnlandi en ekki meiri erlenda starfsemi.

BG segir að þetta hafi að sjálfsögðu verið hugsunin um síðustu helgi. Hins vegar hafi skuldbinding ríkisins orðið mun meiri en var fyrirséð. JFrJ nefnir að hægt væri að segja við hluthafa að ríkið óski eftir því að 'due diligence' hópur fari inn í bankann. BG segir það í rauninni sömu stöðu samt sem áður. Ríkið var með yfirlýsingu um síðustu helgi. Þetta er mjög flókið mál.

JFrJ segir að ef horft er á stærstu aðila þá virðist vera um 120% veðþekja. Ennþá séu tryggingar því umfram lán. Glitnir sjóðir eru um 10 ma.kr. og fleiri. Auðvelt fyrir þá að segja að ríkið hafi framkallað tap. Líka í LÍ tap um 50%. Veð eru fasteignir og ýmislegt fleira.

5. Kallað eftir auknu fjármagni frá bönkunum í London og Lux

BPB spyr hvað sé að fréttu af Landsbankanum. JFrJ segist hafa heyrt í þeim í morgun og þeir séu rólegir varðandi FSA, þeir muni svara um helgina. BG spyr hvort þar sé verið að vinna að dótturfélagavæðingu. JFrJ segir Landsbankann vera að skoða það, t.d. svokallað 'implied concent' en þora í raun ekki að fara út í það enn sem komið er.

BPB spyr hvernig Landsbankanum lítist á helgina. IF segir verðbréfastarfsemi bankans í London vera að þyngjast. BG segir að síðast þegar var vitað hafi FSA verið með þá á gálgafresti. TP segir þá hafa haft 48 tíma en svo líði tíminn bara. JFrJ segir að ef FME eigi fund með FSA í næstu viku þá sé væntanlega frestur þar til þá. JFrJ nefndi við forstjóra FSA að hittast vegna Landsbankans í næstu viku, en það yrði væntanlega til þess að klára það mál.

IF upplýsir um samskipti við Seðlabankann í Luxemborg. Íslensku bankarnir séu komnir yfir hámark í Luxemborg og séu þar komnir í 4,2 ma. Þessum upplýsingum hafi verið komið til SÍ um eftirmiðdaginn en ekki verið rætt við bankana sjálfa. IF segist ekki hafa heyrt meira af þessu máli.

BPB spyr hvenær sé að vænta fréttu af Kaupþingsmáli og JFrJ segir að hann muni kanna þetta á eftir. Ef ekkert hafi þá borist frá FSA þá muni Kaupþing verða að bregðast við, verða að setja eitthvað fram um sinn skilning á málinu. BG spyr hvort Kaupþing fullyrði það að þeir hafi ekkert heyrt. JFrJ segir Kaupþing kannast við 80 m.GBP og getað farið upp í 1 ma.GBP.

BPB: Næstu skref? IF segir að menn verði að vera viðbúinir því að mánudagurinn fari eins og Beat Siegentaler sagði, hrún. IF segir að hvenær sem hrúnið verður, þá verður það. Allt standi á braudfótum. Seðlabankinn muni að sjálfsögðu ekkert aðhafast að fyrra bragði, það verði sameinaðar aðgerðir stjórnvalda.

BPB nefndi fund á morgun laugardag 4. október.

[hringt í TP til að bóka símafund DO með Mervyn King laugardag kl.11]

[Ragnar Hafliðason hringir til að segja frá því að hringt hafi verið frá fjármálaeftirlitinu í Luxemborg og sagt frá því að veðköll séu á Landsbankann og Glitni á mánudag. Annars vegar sé um 2 ma. evra veð að ræða hjá Landsbankanum og kallað verði eftir auknum veðum sem nemi 0,8 ma.evra. Hins vegar sé Glitnir með 1,3 ma.evra og þar þurfi 0,6 ma veð aukalega. Kaupþing hafi ekki verið nefnt. RH gerir ráð fyrir að Landsbankinn og Glitnir viti af málinu. Eftirlitið í Luxemborg óskaði eftir svári um hvort bankarnir gætu aflað þessara fjárhæða.]

6. Tryggingar innstæðna

JL spyr hvort eitthvað sé að fréttu af svarbréfi frá forsætisráðuneyti vegna innstæðna. BÞB segir að í ráðuneytinu hafi verið farið yfir málið. Borist hafi fregnir af því um miðjan dag frá Moody's að ef ábyrgðaryfirlýsing bærisk frá ríkisstjórn um innstæðutryggingu fyrir erlenda innstæðueigendur, þá yrði láns hæfiseinkunn ríkisins lækkuð verulega. JL spyr hvort þá sé miðað við skv. lágmarkstryggingu eða allt saman og segir vaxandi þrýsting frá fjölmiðlum. IF segir það líklega ekki skipta Moody's máli að hverju ábyrgðaryfirlýsing ríkisins snéri (allt eða lágmark).

Lögin fela í sér ábyrgð á erlendum innstæðum en fá verður á hreint hvort ríkið sé á einhvern hátt ábyrgt fyrir Tryggingarsjóðunum segir BG. Einnig spurning hvort ríkið vilji bera ábyrgð á erlendum innstæðum fyrirfram, það muni um hundruð ma. þegar komið er í þrot. JL segir samt leja það gríðarlega mikilvægt skref að fá bréf frá ríkinu um einhvers konar ábyrgð. Eins og stöðan er í dag þá getur Tryggingarsjóður ekkert sagt um hvernig muni verða staðið að fjármögnun trygginga. Á fundi með Alistair Darling hafi komið fram að Bretar hugsi sér að tryggja til fulls og hann hafi sagt spurningu um hvert eigi að senda reikninginn.

TP segir spurningu hvort innlán verði tryggð af ríkinu framhjá sjóðnum. JL segir Breta muni halda því fram að skv. tilskipun þurfi Tryggingarsjóður að ábyrgjast þessa upphæð. BG segir að ríkið muni væntanlega vilja eiga eftir að ábyrgjast svo stóra fjárhæð. Ekki gera það fyrirfram.

7. Útibúaleið og fleira

JFrJ nefnir möguleikann á því að fá ráðgjafa frá McKinsey sem séu vanir að vinna þá vinnu sem verði að vinna í þessum aðstæðum. JL segir að sér finnist það mikið undir að það væri ráðlegt. IF segir að við séum í þeirri stöðu að eitthvað verði að gera fyrir mánudag. JFrJ segist einmitt nefna það þess vegna, þeir séu vanir að vinna hratt. IF spyr hvort hægt væri að taka slíka ráðgjafa inn hjá eftirlitinu. JFrJ segir þá þyrftu að koma að öllu ferlinu.

TP minnir á það að aldrei hafi verið myndaður aðgerðarhópur.

BG segir aðstæður nálgast það stig að ríkisstjórn þurfi að taka ákvörðun. BÞB segir að taka þurfi frá tíma á morgun fyrir fund.

BÞB segir að Gllitnismenn hafi fengið ráðgjafa frá Credit Suisse til að vinna að samningum við lánardrottna og fleira. IF nefnir þær sögur sem heyrst hafi að þeir séu að vinna að sölu á bankanum.

BÞB segir ráðuneytismenn hafa hitt ráðgjafana og þá hafi komið í ljós að þeir hafi viljað ræða miklar áætlanir. Þeir buðust til að gefa hugmyndir að endruskipulagningu bankakerfisins í heild.

BG upplýsir varðandi Glitni að til hafi staðið að halda hluthafafund. Í því samhengi hafi stjórn Glitnis kallað eftir sérstakri yfirlýsingu þess efnis að ríkið muni standa við yfirlýsingu um framlag hlutafjár í Glitni. Glitnismenn segjast ekki geta auglýst fundinn án slíkrar yfirlýsingar. Stofnað hafi verið til skuldbindingar að morgni 29. september. Þeir segjast líka verða að fá slíka yfirlýsingu til að ganga frá uppgjöri. BG segist vera orðinn tortrygginn og að Glitnir geri sér líklega grein fyrir að möguleiki sé á riftun samkomulagsins. BG segist telja að ekki sé skynsamlegt að staðfesta með formlegum hætti meira en komið er.

IF segir að Már Músson hafi viljað leka í fjölmiðla um atburðarrás og nefnt það við IF. IF lagðist alfarið gegn slíku þar sem slíkt yrði fært upp á Seðlabankann.

JL segir að frumvarpið um sérstakar heimild FME sé tilbúið.

Hún útrekar einnig ósk um að fá svar frá ráðuneyti varðandi Tryggingarsjóð.

JFrJ leggur áherslu á að mjög mikilvægt sé að helgin verði nýtt hver svo sem ábyrgð verði á framkvæmd. Kostnaðargreina þurfi alla kosti. Nú hafi FME unnið útibúaleið sem gegnur út á að nota

heimild í lögum til að taka fyrir útibú, rekstrarhluta. JFrJ fer yfir samantekt FME um útibúaleið. [Dreift á fundi]

BG segir að eins og leiðinni sé lýst þá séu teknar yfir meiri eignir en skuldir. Kaupandi vilji væntanlega fá eignir að lágmarki jafnmiklar og skuldir. Það þurfi því að færa aðrar eignir með að auki. JFrJ segir að sú leið að taka yfir einingar sé lögð til af því að það ætti að vera einfaldara en annað. Tekur yfir útlánasafn. Svo sé spurning hvort útlánasafnið verði endurmetið. BG nefnir að hægt væri kannski að undanskilja útlánasafn til eigenda. JFrJ segir að þá sé hætta á að upp vakni spurningar um val á eignum. Hins vegar þurfi að kanna hvort til séu viðskiptabankaeiningar innan bankanna.

TP segir að það ætti að vera til í bókhaldskerfum en það sé spurning hvort slík aðgreining gangi í gegnum allan rekstur.

JFrJ tekur fram að þetta sé auðvitað bara hugmynd sem þyrfti að vinna mun dýpra.

BG spyr hvort sérfræðingahópur hafi skilað vinnu. TP bendir á að hópur SÍ hafi skilað plaggi í gær og FME hafi skilað sínu núna (útbúaleið). Nú þurfi stefnu frá stjórnvöldum og þá verði farið af stað að meta þá stefnu. Hægt sé að setja sérfræðinga í að reikna, á því hafi verið hægt að byrja í apríl en nú sé líka hægt að byrja. Nú þurfi bara frá stjórnvöldum hvað eigi að reikna.

BG spyr hvað við hefðum ef við gerum ekki ráð fyrir að hafa Glitni. Einhvers staðar þurfi alþjóðleg bankaeining að vera. BPB segir að sumu leyti sé fyrsta hugmyndin sem upp kom varðandi að skipta í erlent og innlent verið heppilegust af því að innan bankanna sé sérfræðipækning til staðar sem hægt væri að nýta. JFrJ segir að ekki sé nægur tími til stefnu fyrir slíka leið. JFrJ lýsir þeirri skoðun sinni að hann telji það muni verða of kostnaðarsamt að láta Glitni fara líka. Hægt verði að skipta Glitni upp eftir 5-10 ár.

IF segir mikilvægt í þessu ferli að huga að greiðslukerfum.

JFrJ nefnir einnig hvort ráða eigi almannatengslafulltrúa.

BPB segir að taka þurfi afstöðu til Glitnis um helgina. Nú verði fundað með ráðherrum.

Fundi slitið kl. 19.50. Næsti fundur óákveðinn.”

Af framangreindri umfjöllun má glöggst ráða að ekki hefur skort á að upplýsingar um pólitíska stefnumörkun hafi skilað sér til samráðshópsins. Afstaða forsætisráðherra til þeirra hugmynda og tillagna sem fjallað var um á vetvangi samráðshópsins var skýr og henni var komið skilmerkilega á framfæri innan hópsins.

Því verður ekki fallist á að ég hafi sem ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins og í krafti stöðu minnar sem formaður samráðshópsins sýnt af mér vanrækslu í þeim skilningi sem lýst er í kafla II í bréfi nefndarinnar. Að því er varðar fulltrúa annarra ráðherra í nefndinni hafði ég enga ástæðu, hvorki þá né nú, til að draga í efa að viðkomandi fagráðherrar væru upplýstir um þá vinnu sem ætti sér stað innan hópsins og að fulltrúar ráðuneytanna töluðu í umboði þeirra. Annað væri óhugsandi og ég hafna alfarið því sjónarmiði sem fram kemur í í bréfi rannsóknarnefndarinnar um að ekki verði:

„...séð að þér sem stjórnandi hópsins hafið kallað eftir því að fulltrúar hinna ráðuneytanna í hópnum gengju eftir hver væri afstaða þeirra ráðherra og hún væri kynnt formlega innan hópsins.“

Að mínu mati lýsir þetta sjónarmið ekki nægjanlegri þekkingu á starfsemi, fyrirkomulagi og starfsháttum stjórnarsýslunnar almennt. Mér vitanlega hefur almennt ekki verið talin

ástæða til þess að draga í efa að ráðuneytisstjórar, eða aðrir háttsettir embættismenn, tali í umboði síns ráðherra.

2. Umfjöllun í kafla III.2 í bréfi nefndarinnar

Í þessum kafla bréfs nefndarinnar er fjallað um það hvort forsætisráðuneytinu hefði borið að leggja faglegt mat á það hvort og eftir atvikum hver væri geta íslenska ríkisins til að styðja fjárhagslega við bak fjármálafyrirtækja landsins. Einnig hvort ráðuneytið hefði átt að leggja mat á þá fjárhagslegu áhættu og áhrif sem kynnu að fylgja auknum veðlánaviðskiptum Seðlabankans við íslensku fjármálafyrirtækin og auknum skuldbindingum Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta fyrir fjármál ríkisins.

Af þessu tilefni er mikilvægt að hafa í huga verkaskiptingu og hlutverkaskipan forsætisráðuneytisins annars vegar og Seðlabanka og Fjármálaeftirlitsins sem og reyndar fjármála- og viðskiptaráðuneyta hins vegar. Það kemur fram í fjölmörgum fundargerðum samráðsnefndarinnar að þessir aðilar hafa, að beiðni hennar, lagt fram margvísleg gögn um þessi atriði.

Þannig liggur til dæmis fyrir, eins og rakið er hér að framan, að viðskiptaráðuneytið, í samráði við Fjármálaeftirlitið, lagði mörgum sinnum fram útreikninga í samráðshópnum um hugsanlegar skuldbindingar Tryggingarsjóðs sem gætu lent á ríkissjóði. Sömuleiðis hafa með reglubundnum hætti legið fyrir opinberar upplýsingar frá Seðlabanka um efnahagsreikninga fjármálakerfisins og þar með hvaða fjárhagslegu skuldbindingar kynnu að lenda á ríkissjóði ef allt færi á versta veg.

Sama máli gegnir um veðlánaviðskipti Seðlabankans við íslensku fjármálafyrirtækin. Seðlabankinn lýtur sjálfstæðri stjórn og tekur sínar ákvarðanir á grundvelli þeirra laga sem um hann gilda. Það er óumdeilt að ein af skyldum Seðlabankans er að vera lánveitandi til þrautavara en í því felst að hann geti veitt fjármálafyrirtækjum lánafyrirgreiðslu í því skyni að halda starfsemi gangandi ef aðrar fjármögnunarleiðir eru lokaðar. Í þessu felst ákveðin áhætta ef allt fer á versta veg en það er Seðlabankans að meta þá stöðu hverju sinni. Slík staða kom upp í septemberlok 2008 þegar Glitnir óskaði eftir lánafyrirgreiðslu vegna yfirvofandi fjármögnunarvanda. Að vandlega athuguðu máli tók Seðlabankinn þá ákvörðun að hafna beiðninni. Síðari atburðarás og framkomnar upplýsingar um stöðu bankans staðfesta að þetta var rétt ákvörðun.

Var forsætisráðuneytinu því vel kunnugt um hver væri hugsanleg geta íslenska ríkisins til að styðja fjárhagslega við bak fjármálafyrirtækja landsins ef til fjármálaáfalls kæmi. Í því sambandi reiddi forsætisráðuneytið sig meðal annars á upplýsingar frá framangreindum aðilum, svo sem ítarlega hefur verið rakið, og fullkomlega rétt og eðlilegt er, meðal annars að teknu tilliti til eðlilegrar verkaskiptingar á milli einstakra stjórnarsýslueininga. Reyndi forsætisráðuneytið þar af leiðandi, eins og því var framast kostur, að bregða upp heildarmynd af stöðunni.

Af framansögðu tel ég einsýnt að þau efnisatriði sem rakin eru í þessum kafla í bréfi nefndarinnar geti ekki með sanngjörnum hætti leitt til þeirrar niðurstöðu að um vanrækslu mína hafi verið að ræða.

3. Umfjöllun í kafla III.3 í bréfi nefndarinnar

Í umfjöllun þessa kafla gætir mikils og illskiljanlegs misskilnings. Umræddir einstaklingar og valinkunnir hagfræðingar, Friðrik Már Baldursson og Jón Steinsson, voru vissulega ráðuneytinu til ráðgjafar og ómetanlegrar aðstoðar á þessum erfiðu tímum. Þeirra hlutverk sneru hins vegar fyrst og fremst að öðrum verkefnum en að setja saman neyðaráætlun vegna yfirvofandi hættu á falli bankanna enda var þeim málum sinnt á öðrum vettvangi eins og fram hefur komið hér að framan. Ég kannast heldur ekki við þá lýsingu sem hér er tilfærð að samráðshópurinn hafi verið lamaður vegna afstöðu fulltrúa Seðlabankans í hópnum.

Ég tel það og af og frá og hafna því algjörlega að þessir einstaklingar hafi ekki getað haft aðgang að öllum þeim upplýsingum sem ráðuneytið bjó yfir, þar á meðal öllum gögnum samráðshópsins sem og hins sérstaka aðgerðahóps á vegum Seðlabanka sem vikið er að í bréfi nefndarinnar. Þessi lýsing stenst því engan veginn. Umræddir einstaklingar voru í miklum metum hjá ráðuneytinu og ráðuneytið sóttist eftir og fagnaði mjög að fá að njóta þeirrar mikilvægu krafta á þessum erfiðu tímum. Ég hafna því þess vegna alfarið að ég hafi í samskiptum við þá sýnt af mér vanrækslu í starfi mínu sem ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu.

4. Lokaorð

Í ljósi umfjöllunar í bréfi rannsóknarnefndarinnar um aðkomu forsætisráðuneytisins og þess samráðshóps sem ég var í forsvari fyrir að málefnum bankanna og fjármálamarkaðarins almennt finnst mér óhjákvæmilegt að fjalla nánar um orsakir bankahrunsins.

Svo sem að framan er greint laut vinna samráðshópsins fyrst og fremst að því að undirbúa viðbragðsáætlun til þess að grípa til færi allt á versta veg. Sú vinna var unnin með markvissum hætti, svo sem fundargerðir hópsins sem raktar eru í bréfi þessu bera glögglega með sér. Sú staðreynd að stjórnvöldum tókst að koma í veg fyrir algjöran glundroða við fordæmalausar aðstæður í kjölfar falls bankanna sýnir líka svart á hvítu að ítarleg undirbúningsvinna hafði átt sér stað. Er enda einsýnt að ella hefði aldrei tekist eins vel upp og þó varð raunin.

Enn fremur skal bent á að öll vinna samráðshópsins varð jafnframt að sjálfsögðu að taka ákveðið mið af eðli viðfangsefnisins, ekki síst því hversu viðkvæmt það var. Í þessu sambandi skal meðal annars bent á að minnsti grunur um aðsteðjandi vanda fjármálafyrirtækja, ekki síst þeirra sem taka við innlánnum, getur valdið fyrirsjáanlegu greiðsluþroti þeirra og í raun kerfishruni á augabragði. Verður því að stíga mjög varlega til jarðar í þessum efnum, sbr. meðal annars eftirfarandi ummæli í riti Evu H.G. Hüpkes í *The Legal Aspects of Bank Insolvency*, bls. 9:

„... any suggestion that a particular bank is no longer in a position to meet its liabilities is likely to lead to a “bank run”. Depositors will withdraw their deposits because they believe that those who withdraw their funds first will be able to do so without loss. Moreover, any suggestion that one bank is in trouble may be taken, sometimes unjustifiably, as evidence that other banks are likely to be facing similar problems. It may precipitate an over-reaction of the bank’s customers but also and more importantly trigger a market reaction that will make it even more difficult and more costly for the affected bank to obtain additional funding If the failure of one bank causes a loss of confidence in the banking sector as a whole or is propagated more widely through the

system of interlocking claims among financial institutions, the adverse consequences to the system as a whole and the economy of a region or a country may be much greater than those resulting from the initial disruption ...“

Allt starf samráðshópsins hlaut að taka ákveðið mið af þeim sjónarmiðum sem þarna koma fram, þ.e. að koma í veg fyrir hugsanlegt kerfishrun að ófyrirsynju. Í þessu samhengi er rétt að benda á að þótt ýmsar blikur hafi vissulega verið á lofti varðandi stöðu íslensku bankanna, einkum á árinu 2008 en einnig á árunum 2006 og 2007, þá fengu þeir ítrekað góðar umsagnir, jafnt innlendra sem erlendra aðila, svo sem Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, erlendra matsfyrirtækja, Moody's og Standard & Poor's, Seðlabankans, Fjármálaeftirlitsins o.fl., fyrir trausta eiginfjárstöðu og almennan fjárhagslegan styrkleika fram undir og jafnvel framyfir mitt ár 2008. Þannig segir t.d. í skýrslu Seðlabankans svo seint sem í maí 2008 um fjármálastöðugleika á Íslandi að:

„Á heildina litið er niðurstaða Seðlabankans enn sú að fjármálakerfið sé í meginatriðum traust. Íslenska bankakerfið uppfyllir kröfur sem gerðar eru til þess og stenst álagsþróf sem Fjármálaeftirlitið og Seðlabankinn hafa gert.“

Þrátt fyrir þessar jákvæðu umsagnir var samráðshópnum ljóst að sú staða gæti breyst snögglega til hins verra í framtíðinni. Að þessu leyti var samráðshópnum nokkuð þröngur stakkur skorinn. Það er alkunna, bæði í fræðum og framkvæmd, að gjalda verður varhug við því að niðurnjörva nákvæmlega fyrirfram öll viðbrögð stjórnvalda komi til fjármálaáfalls, ekki einasta vegna þess að slíkt er í reynd ógerlegt þar sem aldrei er hægt að sjá fyrir með vissu hvernig aðstæður verða og munu þróast, en einnig vegna þess að slíkt getur aukið hættuna á ábyrgðarlausri hegðun fjármálafyrirtækja, þ.e. ef þau freista þess að skáka í skjóli opinberrar aðstoðar ef illa fer.¹

Að mínu mati verður vart annað ráðið af bréfi rannsóknarnefndarinnar en að hún láti hjá líða að taka fullnægjandi tillit til þeirra sjónarmiða sem hér hafa verið rakin. Ég tel hins vegar nauðsynlegt og óhjákvæmilegt að nefndin taki tillit til þessara atriða.

Ennfremur vil ég vekja athygli á því álitaefni sem fram kemur í 1. grein laganna „...um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða.“ Þar segir m.a.: „Tilgangur laga þessara er að sérstök rannsóknarnefnd á vegum Alþingis leiti sannleikans um aðdraganda og orsök falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða. Þá skal hún leggja mat á hvort um mistök eða vanrækslu hafi verið að ræða við framkvæmd laga og reglna um fjármálastarfsemi á Íslandi og eftirlit með henni, og hverjir kunni að bera ábyrgð á því. Nefndin skal í þessu skyni:

¹ Sbr. einnig meðal annars eftirfarandi ummæli í riti Evu H.G. Hüpkens í *The Legal Aspects of Bank Insolvency*, bls. 15-16: „...A single bank of some size may be too big for all its depositors to suffer losses, too big for the deposit insurance fund to afford a pay-off of all its depositors, and too big to contain the effects of its failure ... In most countries, there is no explicit commitment or even any codified mandate in the banking legislation pursuant to which the lender of last resort would be required to take action in the event of a crisis of a large bank. This is intentional because, as a rule, no bank should be able to count on government support in an emergency situation. **The key principle is that the government's response must not be predictable ...“**

1. Varpa sem skýrustu ljósi á aðdraganda og orsakir þess vanda íslenska bankakerfisins sem varð Alþingi tilefni til að setja [lög nr. 125/2008](#), um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl.
2. Afla upplýsinga um starfsemi fjármálafyrirtækja sem geta skýrt vanda þeirra, svo sem um fjármögnun og útlánastefnu þeirra, eignarhald, endurskoðun og tengsl þeirra við atvinnulífið.
3. Gera úttekt á reglum íslenskra laga um fjármálamarkaðinn og tengda atvinnustarfsemi í samanburði við reglur annarra landa og framkvæmd stjórnvalda á þeim.
4. Leggja mat á hvernig staðið hafi verið að eftirliti með fjármálastarfsemi hér á landi á síðustu árum og upplýsingagjöf af því tilefni milli stjórnvalda, til ríkisstjórnar og til Alþingis.
5. Koma með ábendingar og tillögur að breytingum á lögum, reglum, vinnubrögðum og skipulagi opinberrar stjórnarsýslu sem miða að því að gera íslenskt fjármálakerfi færara um að bregðast við þróun og breytingum á alþjóðlegum fjármálamörkuðum.
6. Gera ráðstafanir til þess að hlutaðeigandi yfirvöld fjalli um mál þar sem grunur vaknar við rannsókn nefndarinnar um refsiverða háttsemi eða brot á starfsskyldum og gera jafnframt grein fyrir þeim málum í skýrslu til Alþingis.
7. Skila Alþingi skýrslu um rannsóknina ásamt þeim samantektum og úttektum sem nefndin ákveður að láta vinna í þágu rannsóknarinnar.”

Það er því rík ástæða til þess að fara frekari orðum um aðdraganda og orsakir bankahrunsins. Af því tilefni hef ég fengið leyfi höfundar til þess að vitna í óbirt erindi sem Ingimundur Friðriksson, fyrrverandi bankastjóri Seðlabankans og starfandi ráðgjafi í norska seðlabankanum, hélt á ráðstefnu í belgíska seðlabankanum 16. nóvember 2009 en þar segir meðal annars (mínar undirstikanir):

„Eftir að einkavæðingu íslenskra banka lauk snemma á þessum áratug tóku þeir að stækka mjög hratt. Sérstaklega jókst starfsemi þeirra hratt á erlendri grundu. Þeir keyptu fjármálafyrirtæki í öðrum löndum, opnuðu útibú og juku erlend umsvif sín frá höfuðstöðvunum í Reykjavík. Hraður vöxtur þeirra gerðist í skjóli aðildar Íslands að Efnahagssvæði Evrópu (EES). Á grundvelli hennar tilheyrir Ísland innri markaði Evrópusambandsins (ESB). Samkvæmt því bar Íslandi að skapa fjármálakerfi sínu laga- og regluumgjörð á grundvelli tilskipana ESB. Starfsleyfi íslenskra banka náði ekki aðeins til umsvifa á Íslandi heldur í öllum aðildarlöndum EES samningsins. Þeir fengu svo kallaðan Evrópupassa sem heimilaði þeim að opna og reka útibú hvar sem er á EES svæðinu. Þeir nutu sömu réttinda og höfðu sömu skyldur og bankar á öllu EES svæðinu. Fjármálaeftirlitið (FME) byggði starfsemi sína á evrópskum lögum, reglum og starfsaðferðum. Dótturfyrirtæki lutu eftirliti fjármálaeftirlita í löndunum þar sem þau voru starfrækt en útibú lutu einkum eftirliti íslenska Fjármálaeftirlitsins (FME).

Evrópsk laga- og regluumgjörð ein og sér skýrir þó ekki hraðan vöxt bankanna. Aðstæður á alþjóðlegum fjármálamörkuðum voru afar óvenjulegar. Framboð lánsfjár var nánast ótakmarkað og vextir lægri en þeir höfðu verið í 100 ár. Í skýrslu Seðlabanka Íslands um Fjármálastöðugleika 2009 sagði m.a.: „Öðrum þræði voru bankarnir þátttakendur í alþjóðlegri atburðarás sem mótaðist af óvenjulegum aðstæðum í heimsbúskapnum.“ Í leit sinni að

ábatasamri fjárfestingu sóttust fjárfestar eftir skuldabréfum sem gáfu nokkuð í aðra hönd, þ.m.t. skuldabréf íslenskra banka. Matsfyrirtæki fylgdust mjög grannt með bönkunum og góðar lánsþæfiseinkunnir greiddu mjög fyrir lántökum bankanna á skuldabréfamarkaði. Snemma árs 2007 hækkaði Moody's lánsþæfiseinkunn íslensku bankanna í hæsta flokk (Aaa) um nokkurra mánaða skeið. Á grundvelli góðs lánsþæfismats áttu bankarnir nánast ótakmarkaðan aðgang að lánnum á alþjóðlegum skuldabréfamarkaði þegar þeir stækkuðu hvaða hraðast. Skuldabréf þeirra urðu vinsæl í ýmis konar vafningum.

Bankarnir urðu mjög mikilvægur þáttur í íslensku efnahagslífi, vöxtur þeirra og annarra íslenskra fyrirtækja naut víðtæks stuðnings, þeir greiddu góð laun og háa skatta, bæði beint og óbeint. Finnskur sérfræðingur í eftirliti með fjármálastarfsemi, Kaarlo Jännäri, sem ráðinn var til þess að gera úttekt á íslensku fjármálaeftirliti og regluumgjörð þess orðaði það svo að „...ríkisstjórnir hver á fætur annarri og mismunandi samsettar – og stjórnarandstæðingar einnig – höfðu lagt áherslu á mikilvægi fjármálageirans og lýst yfir stuðningi sínum við áframhaldandi vöxt hans. Gagnrýnisráddir voru ekki teknar alvarlega eða þeim ekki veitt mikil athygli. Bankamenn voru taldir þjóðhetjur; þeir voru mærdir í fjölmiðlum og þjóðin var stolt af góðum árangri bankanna. Trúlega hefðu eftirlitsyfirvöld ekki getað stöðvað framvinduna þótt þau hefðu reynt með valdi því þau skorti til þess lagalegar heimildir.“ ... „ Upp á æðstu stig studdi þjóðin bankana og dáðist að þeim og margir eru enn í afneitun vegna eigin aðildar að þessum harmleik. Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið reyndu að vara við, en það var of seint og ekki nóg og vafasamt er að þessar stofnanir hefðu getað stöðvað framvinduna jafnvel þótt þær hefðu haft til þess vald.“²

Í öðru erindi sama höfundar sem birt er á heimasíðu Seðlabankans 6. febrúar 2009 er fjallað um viðbúnað íslenskra stjórnvalda við örum vexti íslensku bankanna og versnandi horfum á alþjóðamarkaði. Síðan segir í erindinu:

*„Sem fyrr segir brást Seðlabanki Íslands við framvindu og horfum á árinu 2008 með því að vaka enn betur en áður yfir lausaffjástöðu bankanna og með tíðum samskiptum við bankana. Auk þess var viðbúnaðarnefnd hans virkjuð og starfaði samfellt frá hausti 2007. **Samráðsnefnd forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans hélt tíða fundi og skiptist á upplýsingum. Á vettvangi hennar voru gerðar viðbúnaðaráætlanir og fyrir atbeina hennar voru samín drög að frumvarpi sem síðar varð að neyðarlögum sem sett voru snemma í október.**“*

Ég vil ennfremur leyfa mér að vitna til þriðja erindis fyrrnefnds bankastjóra sem hann hélt á ráðstefnu í Osló 25. júní 2009 en lokaorð hans eru:

„Auðvelt er að vera vitur eftir á. Væntanlega hefðu allir seðlabankar og fjármálaeftirlit í heiminum kosið að hafa hagað ýmsu með öðrum hætti en gert var á síðustu árum. Ég hef þegar vitnað í orð Kaarlo Jännäri þar sem hann segir að Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið hafi reynt að vara við, en það verið of seint og ekki nóg og vafasamt að þessar stofnanir hefðu getað stöðvað framvinduna jafnvel þótt þær hefðu haft til þess vald. Mjög er tekist á um þetta og um afstöðu stjórnvalda til fjármálageirans á útpensluskeiði hans.

² Kaarlo Jännäri: *Report on banking Regulation and Supervision in Iceland: past, present and future*, 30 mars 2009, bls. 14 og 20. Skýrslan var birt á heimasíðu forsætisráðuneytisins. Höfundur erindisins þýddi textann sem hér er birtur sem og aðrar beinar tilvitnanir í erlendar heimildir.

Íslensku bankarnir nýttu sér í ríkum mæli tækifærin sem buðust með samspili laga- og reglugerðarákvæða ESB og óvenjulegra aðstæðna á markaði. Íslensk stjórnvöld brugðust við framvindunni með svipuðum hætti og stjórnvöld ýmissa annarra landa og með þeim hætti sem búast mátti við, þ.e. með því að virkja og styrkja viðbúnað sinn, ráðfæra sig við aðra og leita eftir ráðgjöf sérferðinga og með því að hvetja bankana til þess að draga úr umsvifum sínum og laga sig að gerbreyttum aðstæðum. Vegna hlutfallslegrar stærðar sinnar voru íslensku bankarnir viðkvæmari fyrir andbyr en margir aðrir bankar, að ekki sé minnst á hamfarir síðasta árs sem skóku undirstöður hins alþjóðlega fjármálakerfis. Eftir á að hyggja hefði verið ráðlegt af stjórnvöldum að grípa inn í framvinduna af afli á fyrri stigum. Því er hins vegar vandsvarað hvenær hefði verið rétti tíminn til þess og hvernig hefði átt að gera það. Það á líka við um hvort það hefði verið pólitískt gerlegt og í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar.

Ófarir Lehman Brothers leiddu til hruns íslensku bankanna í október 2008. Ómögulegt er að geta sér til um hve lengi þeir hefðu getað starfað hefði Lehman ekki komist í þrot og hvort viðleitni þeirra til þess að bjarga sér, með hvatningu stjórnvalda, með styrkari eigendahópi, dótturfélagavæðingu útibúa og flutningi höfuðstöðva til útlanda auk eignasölu og minnkandi umsvifa og viðbótaraðgerða hefði skilað árangri og gert þeim kleift að starfa áfram. Vonir stóðu til þess að ef áform þeirra gengju eftir myndu framtíðarhorfur bankanna vænkast verulega. Án markvissra aðgerða hefðu bankarnir hins vegar trúlega lent í alverlegum vandræðum eins og aðstæður voru á alþjóðamörkuðum, jafnvel þótt Lehman hefði ekki orðið gjaldþrota.

Hrun bankanna í október 2008 leiddi til mjög alvarlegrar fjármálakreppu. Fræjum hennar var sáð á skeiði mjög hraðs vaxtar bankanna. Þau fengu rausnarlega skammt af áburði þegar skyndilega urðu straumhöf á markaði á miðju ári 2007 í kreppu sem náði hámarki í september og byrjun október 2008. Eftir á að hyggja hefði hugsanlega mátt koma í veg fyrir hrunið, en jafnvel þegar horft er til baka er ekki augljóst hvað nákvæmlega stjórnvöld hefðu átt að gera og hvenær, annað en að draga eða takmarka gildistöku ESB/EES laga og reglugerða um fjármálamarkaðinn. Framvindan sýndi að innan þess ramma er nauðsynlegt að hafa möguleika til þess að hefta vöxt banka. Sérstaklega á þetta við um minni lönd. Stærð fjármálakerfa verður að samrýmast stærð hagkerfis heimalandsins. Íslensku bankarnir voru of metnaðarfullir í útrás sinni og vexti, of kappsamir og of fúsir til þess að taka áhættu. Að auki voru ýmis önnur íslensk fyrirtæki of samofin bönkunum og helstu eigendum þeirra. Bankarnir báru hins vegar sjálfir megin ábyrgðina á örlögum sínum. Eins og fram kom í skýrslu Jännäris og þegar hefur verið vitnað til gerðu þeir stærstu mistökin sjálfir með því að hrifast með alþjóðlegum straumum og að gleyma því að ekki er unnt að sigra heiminn án þess að hafa öflugan heimahöfn og fjárhagslegan grunn. Bankarnir nutu víðtæks pólitísku stuðnings eins og þegar hefur verið rakið. Vegna stærðar sinnar er líka mögulegt að þeir hafa haft meiri áhrif en góðu hófi gegndi. Ég minni á orð Jännäris um að upp á æðstu stig studdi þjóðin bankana og dáðist að þeim.

Ég hef leitast við að draga upp eins hlutlausu mynd af hruni íslensku bankanna og mér hefur verið unnt sem fyrrverandi bankastjóra í bankastjórn Seðlabankans. Ég hef einnig leitast við að sýna að stjórnvöld voru ekki kær- eða sinnulaus og að þau brugðust með margvíslegum hætti við framvindunni, viðlagaadgerðir voru hafnar og hertar, þrýst var á bankana að draga úr umsvifum og að laga starfsemi sína að breyttum heimi. Þetta endurspeglast m.a. í skýrslu Kaarlos Jännäri. Því miður skiluðu þessar aðgerðir ekki árangri í tæka tíð og Ísland glímur nú við eftirköst hrunsins.”

Ég hef litlu við ofangreindar niðurstöður þeirra Ingimundar Friðrikssonar og Kaarlos Jännari að bæta um meginorsakir bankahrunsins hér á landi, þ.e. að þeirra sé fyrst og fremst að leita í starfsemi bankanna sjálfra, óábyrgri, og jafnvel ólöglegri, hegðan þeirra á fjármálamarkaði sem skýrsla rannsóknarnefndarinnar leiðir væntanlega í ljós.

Vandséð er hvernig hægt er að líta framhjá þeim þáttum sem lúta að starfsemi bankanna sjálfra við mat á orsökum bankahrunsins og því verður ekki að óreyndu trúað að rannsóknarnefndin telji að eina af ástæðum þess að bankarnir féllu megi rekja til ónógs upplýsingaflæðis milli embættismanna og ráðherra á þessum tíma.

Þeirri söguskoðun hafna ég alfarið með vísan til þeirra upplýsinga sem ég hef rakið hér að framan. Ekki verður heldur séð að nokkuð bendi til þess að slíkur skortur tengist í reynd, í skilningi 1. gr. laga nr. 142/2008:

„...orsökum þess vanda íslenska bankakerfisins sem varð Alþingi tilefni til að setja lög nr. 125/2008.“

Reykjavík, 24. febrúar 2010

Virðingarfyllst,



Bolli Þór Bollason